

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/66/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 34/10/COL frá 3. febrúar 2010 um sjötugustu og níundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/66/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6381 – Google/Motorola Mobility)	18
2011/EES/66/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6402 – REWE/SAG/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	19
2011/EES/66/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6421 – Daimler/Europcar/car2go Europe JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	20
2011/EES/66/05		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6319 – Triton/Europart)	21
2011/EES/66/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6323 – Tech Data Europe/MuM VAD Business)	21
2011/EES/66/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6331 – KKR/Silver Lake/Go Daddy Group)	22
2011/EES/66/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6348 – Arla Foods/Allgäuland)	22
2011/EES/66/09		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6361 – ZF/Hansen)	23

2011/EES/66/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6378 – C1000/SDB Supermarket)	23
2011/EES/66/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6383 – Cargill/KoroFrance)	24
2011/EES/66/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6388 – Ecolab/Nalco Holding Company)	24
2011/EES/66/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6394 – Gilde/Eismann)	25
2011/EES/66/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6395 – Etex/Lafarge Gypsum Assets)	25
2011/EES/66/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6404 – Hochtief Solutions/Ventizz/JV)	26
2011/EES/66/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6420 – Dong Energy/Shell Gas Direct)	26
2011/EES/66/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6423 – Carlyle/H&F/Pharmaceutical Product Development)	27

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/66/01

34/10/COL

frá 3. febrúar 2010

um sjötugustu og níundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; við bætist nýr kafli um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾,

Hinn 30. september 2009 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með heitinu Bandalagsleiðbeiningar um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa ⁽⁵⁾,

Þessi orðsending framkvæmdastjórnarinnar varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórnina og EFTA-ríkin með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 22. janúar 2010 (skjöl nr. 543740, 543741 og 543742).

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (nú *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*; hér eftir: Stjtíð. EB eða Stjtíð. ESB) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 32, 3.9.1994, bls. 1, með áorðnum breytingum. „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt (á ensku) á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines>.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB C 235, 30.9.2009, bls. 7.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð skal breytt með því að fella inn í þær nýjan kafla um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa. Nýi kaflinn er birtur í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2010.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

Beiting reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa ⁽¹⁾

1 Inngangur

- 1) Framþróun, útbreiðsla og notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni (hér á eftir: UFT) í atvinnulífnum og í þjóðfélaginu er að miklu leyti háð breiðbandstengingum. Breiðbandskerfi skipta sköpum, því að með notkun þeirra má koma þessari tækni miklu hraðar til skila og ýta þannig undir vöxt og nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífsins og efla samstöðu þjóðfélagshópa og byggða. Í samræmi við markmið Lissabon-áætlunarinnar og orðsendinga, sem gefnar hafa verið út í kjölfar hennar ⁽²⁾ á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir), styður Eftirlitsstofnun EFTA einnig það markmið að gefa sem flestum Evrópubúum kost á breiðbandsþjónustu.
- 2) Rétt er að rifja upp að í aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð með heitinu „Minni og markvissari ríkisaðstoð: Leiðarvísir vegna umbóta á sviði ríkisaðstoðar 2005–2009“ ⁽³⁾ tók framkvæmdastjórnin fram að ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar gætu við tiltekin skilyrði verið skilvirk aðferð til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Ríkisaðstoð getur einkum komið að gagni við að bæta úr markaðsbrestum og auka þannig skilvirki á mörkuðum og efla samkeppni. Þá má nefna að þegar starfsemi á markaði leiðir til skilvirkar niðurstöðu, sem þó er talin óviðunandi með tilliti til samstöðumarkmiða, má nota ríkisaðstoð til að kalla fram æskilegri og sanngjarnari markaðsniðurstöðu. Markviss afskipti hins opinbera á sviði breiðbandsþjónustu geta einkum stuðlað að mjökka hina svonefndu „stafrænu gjá“ ⁽⁴⁾ sem skilur að svæði og byggðir í tilteknu landi, þar sem breiðbandsþjónusta býðst á lágu og samkeppnishæfu verði, og svæði þar sem slíka þjónusta er ekki að finna.
- 3) Jafnframt verður að tryggja að ríkisaðstoð valdi ekki ruðningsáhrifum gagnvart þeim sem kynnu að vilja hefja nýja starfsemi á sviði breiðbandsþjónustu. Ríkisaðstoð til að byggja upp breiðbandsþjónustu á svæðum þar sem markaðsfyrirtæki myndu venjulega fjárfesta, eða þar sem þau hafa þegar fjárfest, gæti haft áhrif á fjárfestingar sem seljendur breiðbandsþjónustu hafa þegar ráðist í á grundvelli markaðsskilyrða, og grafið að talsverðu leyti undan þeim hvata sem markaðsfyrirtæki hafa til að fjárfesta í breiðbandi yfirleitt. Í slíkum tilvikum gæti ríkisaðstoð við breiðbandsþjónustu unnið gegn settu markmiði. Helsta markmið eftirlits með ríkisaðstoð á sviði breiðbandsþjónustu er að tryggja að hún leiði til meiri eða hraðari útbreiðslu slíkrar þjónustu en verið hefði ef engin aðstoð hefði komið til svo og að æskileg áhrif aðstoðarinnar vegi þyngra en óæskileg áhrif hennar með tilliti til samkeppnisröskunar.
- 4) Rétt er að rifja upp að með lagaumhverfi á sviði rafrænna fjarskipta er einnig tekið á málefnum sem varða aðgang að breiðbandsþjónustu ⁽⁵⁾. Þannig hafa heilðsölumarkaðir fyrir breiðbandsþjónustu verið felldir undir fyrirframstýringu í öllum EFTA-rikkjunum ⁽⁶⁾. Í þessu tilliti hefur ýmislegt verið gert til þess að bregðast við þeim nýju úrlausnarefnum sem tengjast næstu kynslóðar aðgangskerfum ⁽⁷⁾ með tilliti til stjórnsýsluslúðarmíða, einkum að því er varðar aðgangsmálefni ⁽⁸⁾.
- 5) Í þessum kafla er lýst þeim vinnureglum sem Eftirlitsstofnun EFTA styðst við þegar ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð er beitt gagnvart ráðstöfunum til stuðnings rekstri hefðbundinna breiðbandskerfa, með vísan til ákvarðanaframkvæmdar framkvæmdastjórnarinnar (sjá 2. undirkafla); jafnframt er tekið á ýmsum álitamálum er varða mat á ráðstöfunum sem gerðar eru til að ýta undir og styðja hraðari útbreiðslu næstu kynslóðar aðgangskerfa (sjá 3. undirkafla).

⁽¹⁾ Kaflinn, sem hér birtist, svarar til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar með heitinu *Bandalagsleiðbeiningar um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa*, Stjtið. ESB C 235, 30.9.2009, bls. 7.

⁽²⁾ Sjá til dæmis *i2010 – Upplýsingasamfélag Evrópu í þágu hagvaxtar og atvinnu*, COM(2005) 229 endanl., 1. júní 2005, *eEurope 2005: Upplýsingasamfélag fyrir alla*, COM(2002) 263 endanl., *Breiðbandsbilið brúað*, COM(2006) 129.

⁽³⁾ COM(2005) 107 endanl.

⁽⁴⁾ Á áratugnum, sem er að liða, hefur upplýsinga- og fjarskiptatækni orðið aðgengileg öllum almenningi og kostnaður við hana viðráðanlegur. Hugtakið „stafræn gjá“ vísar almennt til þess að bil sé milli þeirra einstaklinga og samfélaga sem hafa aðgang að upplýsingatækni og hinna sem hafa það ekki. Þótt þessi „stafræna gjá“ eigi sér ýmsar ástæður vegur þyngst að fullnægjandi grunnkerfi til að geta veitt breiðbandsþjónustu er ekki fyrir hendi. Þegar lítið er til aðstöðumunar byggða skiptir þéttbýli miklu um hversu góður aðgangur er að UFT og hvernig hún er notuð. Hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu er útbreiðsla netþjónustu þannig langminnst í strjálbýli.

⁽⁵⁾ Sbr. gerðina sem um getur í lið 5el í XI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan reglugerð um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun)*) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33)), gerðina sem um getur í lið 5ck í XI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun)*) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21)) og gerðina sem um getur í lið 5cj í XI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang)*) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7)), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.

⁽⁶⁾ Sjá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar í Noregi frá 3. apríl 2009 um fyrirtæki sem teljast njóta verulegs markaðsstyrks og álagningu sérstakra kvaða á heilðsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaði 5), ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á Íslandi nr. 8/2008, sem er dagsett 18. apríl 2008, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heilðsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang og ákvörðun Fjarskiptastofnu í Liechtenstein frá 16. desember 2009 um sértæka stýringu heilðsölumarkaðar fyrir breiðbandsaðgang í Liechtenstein.

⁽⁷⁾ Í þessu skjali vísar hugtakið næstu kynslóðar aðgangskerfi til þráðtengdra aðgangskerfa sem byggjast á notkun ljósþráða að öllu leyti eða að hluta og gera kleift að veita öflugri breiðbandsþjónustu (til að mynda meiri flutningsgetu) en unnt er þegar þjónustan er veitt gegnum koparþræðina sem fyrir eru (sjá einnig í 58. nmgr. hér á eftir).

⁽⁸⁾ Sjá fyrirbyggjandi drög að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um kvaðir er lúta að aðgangi að næstu kynslóðar aðgangskerfum (*Recommendation on regulated access to Next Generation Access Networks (NGA)*): http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecommm/doc/library/public_consult/nga/dr_recomm_nga.pdf og greinargerð Evrópuhóps eftirlitsaðila um þróun næstu kynslóðar aðgangskerfa, ERG (08) 68: http://www.erg.eu.int/doc/publications/erg_08_68_statement_on_nga_development_081211.pdf.

- 6) Í mati Eftirlitsstofnunar EFTA á ríkisaðstoð vegna breiðbandsþjónustu verður notast við þær leiðbeinandi reglur, sem hér birtast, með það að markmiði að auka réttarvissu og gagnsæi að því er varðar ákvarðanir stofnunarinnar.

2 Vinnureglur Eftirlitsstofnunar EFTA með tilliti til ríkisaðstoðar vegna breiðbandsframkvæmda

2.1 Beiting reglna um ríkisaðstoð

- 7) Framkvæmdastjórnin hefur í ákvörðunum sínum litið jákvæðum augum þær ráðstafanir á vegum hins opinbera sem snúa að breiðbandsuppbyggingu í strjálbýli og á svæðum sem er ekki þjónað sem skyldi, en hefur síður talið æskilegt að veita aðstoð á svæðum þar sem grunnkerfi til að veita breiðbandsþjónustu er þegar fyrir hendi og samkeppni er um slíka þjónustu. Þegar afskipti ríkisins til stuðnings aukinni útbreiðslu breiðbands hafa fullnægt skilyrðum fyrir því að teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, en sú málsgrein samsvarar 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, hefur mat framkvæmdastjórnarinnar á því hvort slík aðstoð samrýmist gildandi reglum hingað til byggst á 3. mgr. 107. gr. sáttmálans, en sú málsgrein samsvarar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Yfirlit um markaða stefnu framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar ríkisaðstoð til stuðnings aukinni útbreiðslu breiðbandskerfa er að finna í undirköflum 2.2 og 2.3 hér á eftir.

2.2 Áskilnaður 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins: hefur ríkisaðstoð verið veitt?

- 8) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins „er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila“. Af þessu leiðir að tiltekin ráðstöfun getur ekki talist ríkisaðstoð nema öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- ráðstöfunin verður að fela í sér nýtingu ríkisfjármuna,
 - hún verður að færa fyrirtækjum efnahagslegan ávinning,
 - sá ávinningur verður að vera sértækur, og verður að raska eða vera til þess fallinn að raska samkeppni,
 - ráðstöfunin verður að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkja.
- 9) Stuðningur hins opinbera við breiðbandsframkvæmdir hefur oft í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽⁹⁾.
- 10) Í fyrsta lagi fela ráðstafanir sem þessar að jafnaði í sér nýtingu ríkisfjármuna (til að mynda þegar ríkið styður breiðbandsframkvæmdir með styrkjum, skattafslætti eða öðrum ívilnandi fjármagnskjörum) ⁽¹⁰⁾.
- 11) Í öðru lagi háttar svo til, að því er varðar stuðning við atvinnurekstur, að ráðstafanir ríkisins til stuðnings breiðbandsframkvæmdum snúa venjulega að slíkum rekstri (til dæmis uppbyggingu og rekstri grunnkerfis fyrir breiðbandsþjónustu og sölu aðgangs að því; þar getur verið um að ræða greinanet og landstöðvar, t.d. fastastöðvar, þráðlausar jarðstöðvar, gervitunglastöðvar eða einhverja samsetningu slíkra stöðva). Í undantekningartilvikum getur þó háttað þannig til að fjarskiptakerfi, sem fjármagnað er á þennan hátt, sé ekki notað í atvinnuskyni (t.d. ef kerfið er einvörðungu notað til að veita aðgang að vefsetrum, þjónustu og upplýsingum án endurgjalds) ⁽¹¹⁾; slík ríkisafskipti leiða þá ekki til fjárhagslegs ávinnings fyrir fyrirtæki og hafa því ekki í för með sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 12) Í þriðja lagi, að því er varðar hugsanlegan ávinning, rennur aðstoðin yfirleitt beint til þeirra fjárfesta ⁽¹²⁾ sem fjármagna kerfið, en þeir hafa í flestum tilvikum verið valdir í kjölfar opinbers útboðs ⁽¹³⁾. Þó að tryggja megi með útboði að veitt aðstoð verði ekki meiri en sem samsvarar þeirri lágmarksfjárhæð sem nauðsynlegt er að inna af hendi vegna viðkomandi verkefnis er ekki loku fyrir það skotið að fjárstuðningurinn geti gert bjóðandanum, sem samið er við, kleift að stunda atvinnustarfsemi sína við skilyrði sem honum byðust ekki ella á markaðnum. Meðal þeirra, sem geta haft óbeinan hag af ráðstöfuninni, eru aðrar netveitur sem kaupa heildsöluaðgang að grunnkerfum sem komið er upp á þennan hátt, svo og fyrirtæki sem öðlast aðgang að breiðbandi á kjörum sem þeim hefðu ekki boðist ef afskipti ríkisins hefðu ekki komið til ⁽¹⁴⁾.

⁽⁹⁾ Heildarskrá um þær ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar, sem byggjast á reglum um ríkisaðstoð á sviði breiðbandsþjónustu, er að finna á slóðinni http://ec.europa.eu/competition/sectors/telecommunications/broadband_decisions.pdf.

⁽¹⁰⁾ Sjá einnig undirkafla 2.2.1 um beitingu markaðsfjárfestareglunnar.

⁽¹¹⁾ Sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. maí 2007 í máli NN 24/07 – Tékkland, „Prague Municipal Wireless Network“.

⁽¹²⁾ Hugtakið „fjárfestar“ vísar til fyrirtækja og kerfisrekenda á sviði rafrænna fjarskipta sem leggja fjármuni í uppbyggingu grunnkerfis fyrir breiðbandsþjónustu.

⁽¹³⁾ Framkvæmdastjórnin hefur aðeins einu sinni heimilað ráðstöfun sem tengdist ekki opinberu útboði, og var þar um að ræða kerfi skattafsláttar sem hafði það að markmiði að styrkja breiðbandsuppbyggingu í þeim byggðum í Ungverjalandi sem ekki var þjónað sem skyldi, sjá ákvörðun N 398/05 – Ungverjaland, „Development of Tax Benefit for Broadband“.

⁽¹⁴⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 570/07 – Þýskaland, „Broadband in rural areas of Baden-Württemberg“, ákvörðun N 157/06 – Bretland, „South Yorkshire Digital Region Broadband Project“, ákvörðun N 262/06 – Ítalía, „Broadband for rural Tuscany“, ákvörðun N 201/06 – Grikkland, „Broadband access development in underserved territories“ og ákvörðun N 131/05 – Bretland, „FibreSpeed Broadband Project Wales“. Heimili njóta einnig góðs af slíkum ráðstöfunum, en ákvæði ríkisaðstoðarreglnanna taka hins vegar ekki til þeirra þar sem þau eru hvorki fyrirtæki né atvinnurekendur í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- 13) Í fjórða lagi, að því er varðar skilyrðið um að ráðstöfun verði að vera sértæk, teljast ráðstafanir ríkisins til stuðnings uppbyggingu á breiðbandskerfum sértækar í eðli sínu þar eð þær beinast að fyrirtækjum sem starfa eingöngu í tilteknum byggðarlögum eða í tilteknum greinum fjarskiptaþjónustumarkaðarins í heild. Við þetta bætist að þegar litið er til samkeppnisröskunar má telja að afskipti ríkisins breyti ríkjandi markaðsskilyrðum á þann hátt að ýmis fyrirtæki myndu framvegis vilja kaupa þjónustu af þeim seljendum, sem samið hefur verið við, fremur en að nýta sér eldri, og hugsanlega dýrari, markaðslausnir ⁽¹⁵⁾. Þegar fram kemur breiðbandsþjónusta, sem er annaðhvort ný eða boðin á lægra verði en ella hefði verið, hefur það því samkeppnisraskandi áhrif. Jafnframt getur stuðningur ríkisins við breiðbandsuppbyggingu dregið úr arðsemi og valdið ruðningsáhrifum gagnvart markaðsaðilum sem hefðu við aðrar aðstæður verið reiðubúnir að leggja fê í viðkomandi grein eða einhverja hluta hennar.
- 14) Loks ber að nefna að séu afskipti ríkisins þess eðlis að þau varði þjónustuveitendur í öðrum EES-rikkjum hafa þau einnig áhrif á viðskipti, enda ríkir samkeppni milli kerfisrekenda og þjónustuveitenda á mörkuðum fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu (m.a. á heildsölu- og smásöluverkaði fyrir breiðbandsþjónustu) ⁽¹⁶⁾.

2.2.1 Engin aðstoð veitt: beiting markaðsfjárfestareglunnar

- 15) Ef stuðningur ríkisins við breiðbandsuppbyggingu er fölginn í kaupum á hlut eða hlutafjárukningu í fyrirtækinu sem ætlað er að vinna verkið er nauðsynlegt að meta hvort sú fjárfesting hefur í för með sér ríkisaðstoð. Af jafnræðisreglunni leiðir að renni ríkisfjármunir beint eða óbeint til fyrirtækis við aðstæður sem jafngilda eðlilegum markaðsaðstæðum verður slíkt ekki talið ríkisaðstoð.
- 16) Ef fjárfestir, sem er opinber aðili, stendur þannig að kaupum á hlut eða hlutafjárukningu að ekki er að vænta fullnægjandi arðsemi af fjárfestingunni, jafnvel þótt til langs tíma sé litið, verður að líta á slíkt sem aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og mat á því hvort sú aðstoð er samrýmanleg sameiginlega markaðnum verður að fara fram eingöngu með vísan til forsendna sem þar er lýst ⁽¹⁷⁾.
- 17) Framkvæmdastjórnin tók í svonefndri Amsterdam-ákvörðun til athugunar hvernig markaðsfjárfestareglunni skyldi beitt í tengslum við breiðbandsuppbyggingu ⁽¹⁸⁾. Eins og sérstaklega er tekið fram í ákvörðuninni verður að sýna fram á það vandlega og með tæmandi rökum að fjárfesting hins opinbera hafi miðast við markaðskjör, annaðhvort þannig að hlutdeild einkafjárfesta sé veruleg eða að fyrir liggja traust rekstraráætlun sem sýni að arðsemi fjárfestingarinnar verði fullnægjandi. Ef einkafjárfestar taka þátt í framkvæmdinni er það ófrávíkjanlegt skilyrði að þeir taki á sig rekstrarlega áhættu af fjárfestingunni með sömu skilyrðum og opinberi fjárfestirinn.

2.2.2 Engin aðstoð veitt: endurgjald fyrir almannaþjónustu og Altmark-skilyrðin

- 18) Í sumum tilvikum kunna stjórnvöld í EFTA-rikkjunum að líta svo á að lagning breiðbandskerfis skuli teljast þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins ⁽¹⁹⁾.
- 19) Af dómaframkvæmd Evrópudómstólsins má ráða að ef fjórum megin skilyrðum (sem venjulega eru kölluð Altmark-skilyrðin) er fullnægt getur fjárveiting ríkisins til að standa undir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu fallið utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽²⁰⁾. Skilyrðin fjögur eru sem hér segir: a) fyrirtæki, sem nýtur greiðslna úr ríkisreknu kerfi sem sett er á fót til að fjármagna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, verður að hafa hlotið formlegt umboð til að inna þá þjónustu af hendi, og skýrar kvaðir verða að gilda um þá þjónustu; b) ákveða verður fyrirfram, og á hlutlægan og gagnsæjan hátt, hvaða forsendur skuli ráða útreikningi endurgjaldsins, til þess að forðast að það leiði til efnahagslegs hagræðis fyrir styrkta fyrirtækið á kostnað keppinauta; c) endurgjaldið má ekki vera umfram það sem þarf til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fylgja því að sinna þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegrar hagnaðarkröfu; d) ef styrkta fyrirtækið er ekki valið á grundvelli opinbers innkaupaferlis verður ákvörðun um það hversu hátt endurgjaldið þarf að vera að byggjast á greiningu sem sýnir hvaða kostnaður hefði fallið til hjá dæmigerðu, vel reknu fyrirtæki vegna vinnu við að inna kvaðirnar af hendi, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegrar hagnaðarkröfu.

⁽¹⁵⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 266/08 – Þýskaland, „Broadband in rural areas of Bayern“.

⁽¹⁶⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 237/08 – Þýskaland, „Broadband support in Niedersachsen“.

⁽¹⁷⁾ Mál C-303/88 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómarsafn 1991, bls. I-1433, 20.–22. mgr.

⁽¹⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2007 í máli C 53/2006 „Citynet Amsterdam – investment by the city of Amsterdam in a fibre-to-the-home (FTTH) network“, Stjtið. ESB L 247, 16.9.2008, bls. 27. Málið varðaði lagningu ljósbráðakerfis fyrir heimili (en. „fibre-to-the-home“ eða FTTH) í því skyni að tengja 37 000 heimili í Amsterdam í einu breiðbandskerfi, en fyrir voru nokkur önnur slík kerfi mismunandi keppinauta. Amsterdamborg hafði ákveðið að fjárfesta í grunnkerfinu ásamt tveimur einkafjárfestum og fimm húsnæðisfélögum. Eignarhald og rekstur grunnkerfisins var í höndum sérstaks félags og var þriðjungur þess í eigu Amsterdamborgar, annar þriðjungur í eigu tveggja einkafjárfesta (ING Real Estate og Reggefiber) og síðasti þriðjungurinn í eigu húsnæðisfélaganna.

⁽¹⁹⁾ Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd verður það að byggjast á sérstakri stjórnvaldsákvörðun þegar fyrirtækjum er falið að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þannig má fela kerfisrekanda að veita þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu með því að úthluta honum sérleyfi til að inna af hendi almannaþjónustu, sjá sameinuð mál T-204/97 og T-270/97 *EPAC gegn framkvæmdastjórn*, dómarsafn 2000, bls. II-2267, 126. mgr., og mál T-17/02 *Fred Olsen gegn framkvæmdastjórn*, dómarsafn 2005, bls. II-2031, 186. og 188.–189. mgr.

⁽²⁰⁾ Sjá mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegn Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, dómarsafn 2003, bls. I-7747. Hér á eftir: „Altmark-dómurinn“.

- 20) Í tveimur ákvörðunum⁽²¹⁾ sem vörðuðu ráðstafanir héraðsyrivalda í tengslum við úthlutun sérleyfis til að inna af hendi (niðurgreidda) almannaþjónustu⁽²²⁾ til einkafyrirtækja í tengslum við uppbyggingu grunnkerfis fyrir hefðbundið breiðband í byggðum sem var ekki þjónað sem skyldi, var það niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar að hin tilkynntu aðstoðarkerfi fullnægðu skilyrðunum fjórum sem sett voru í Altmark-dómmum, og féllu því ekki undir ákvæði 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins⁽²³⁾. Nánar tiltekið háttaði svo til í báðum málunum að samið var við þann bjóðanda sem fór fram á lægstur styrkgreiðslur, og greitt endurgjald var ákveðið með vísan til fyrirframákveðinna og gagnsærra viðmiða. Þá taldi framkvæmdastjórnin engar vísbendingar vera um ofgreiðslur og enga hættu á slíku.
- 21) Aftur á móti hefur framkvæmdastjórnin úrskurðað að ekki sé unnt að vísa til hugtaksins þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, og byggja þar með á dómaframkvæmd Altmark-málsins, þegar þannig stendur á að þjónustuveitandinn hefur hvorki fengið skýrt umboð til að veita þjónustuna né tekið á sig þá kvöð að útvega öllum íbúum og fyrirtækjum á svæðum, sem er ekki þjónað sem skyldi, breiðbandsaðgang, heldur einbeitt sér að tengingum fyrir fyrirtæki⁽²⁴⁾.
- 22) Þá má ráða af dómaframkvæmd að enda þótt stjórnvöld í EFTA-ríkjunum hafi verulegt svigrúm þegar kemur að skilgreiningu á því hvað telja beri þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu getur Eftirlitsstofnun EFTA gert athugasemd við skilgreiningu stjórnvalda á slíki þjónustu eða verkefni ef augljós mistök hafa átt sér stað⁽²⁵⁾. Með öðrum orðum eru lögsögu og valdheimildum stjórnvalda í EFTA-ríkjunum takmörk sett þegar kemur að ákvörðun á því hvers eðlis og hversu víðtæk þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu eigi að vera, og slíkom heimildum verður ekki beitt að geðþótta⁽²⁶⁾. Hér er einkum átt við það að til þess að starfsemi geti talist þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu verður hlut að hafa tiltekna eiginleika sem greina hana frá venjulegri atvinnustarfsemi⁽²⁷⁾. Í þessu tilliti mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að á svæðum þar sem einkafjárfestar hafa þegar lagt fjármuni í grunnkerfi fyrir breiðband (eða hafa tekið til við frekari stækkun grunnkerfisins), og bjóða þegar breiðbandsþjónustu með fullnægjandi útbreiðslu í samkeppnisumhverfi, skuli uppbygging grunnkerfis fyrir breiðband með stuðningi hins opinbera við hlið eldra kerfis og í samkeppni við það ekki talin þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins⁽²⁸⁾. Ef unnt er, aftur á móti, að sýna fram á að einkafjárfestar muni ekki á næstu árum⁽²⁹⁾ geta tryggt öllum almenningi eða öllum notendum fullnægjandi breiðbandstengingu, með þeim afleiðingum að stór hluti íbúanna verði enn án slíkrar tengingar, er heimilt að inna af hendi endurgjald fyrir almannaþjónustu til fyrirtækis sem falið hefur verið að sinna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, enda sé fullnægt skilyrðunum sem lýst er í 23.–27. mgr. Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að sjónarmiðin, sem fram koma í þessum málsgreinum, miðast við sérstakar aðstæður í breiðbandsgeiranum og endurspeglareynsluna sem framkvæmdastjórnin hefur aflað sér á því sviði til þessa. Skilyrðin, sem talin eru upp í þessum málsgreinum, eru ekki tæmandi en veita þó vísbendingu um hvernig Eftirlitsstofnun EFTA metur einstök

⁽²¹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 381/04 – Frakkland, „*Projet de réseau de télécommunications haut débit des Pyrénées-Atlantiques*“, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 382/04, Frakkland, „*Mise en place d'une infrastructure haut débit sur le territoire de la région Limousin (DORSAL)*“.

⁽²²⁾ Enda þótt hugtakið „*sérleyfi*“ sé notað í þessum kafla getur það verið verið mismunandi frá einu EFTA-ríki til annars hvaða samningsform er notað þegar fyrirtæki er falið að gegna almannaþjónustuhlutverki. Í samningnum þarf þó að koma fram að minnsta kosti hvers eðlis og hversu víðtækar álagðar almannaþjónustukvaðir eru og hversu lengi þær eiga að standa, svo og hvaða fyrirtæki koma við sögu og hversu mikinn kostnað hvert fyrirtæki þarf sjálf að bera.

⁽²³⁾ Hér skiptir einkum máli að í ofangreindum tveimur ákvörðunum féllst framkvæmdastjórnin á það, með vísan til þess að aðildarríki EB hafa verulegt svigrúm þegar kemur að því að ákveða umfang þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, að með því skilyrði að grunnkerfi fyrir breiðband með góðri útbreiðslu yrði opið öllum öðrum netveitum og að með því yrði ráðin bót á markaðsbrestri, og að kerfið yrði notað til að útvega öllum notendum í viðkomandi byggðum nettengingu teldist hlutaðeigandi aðildarríki ekki hafa gert augljós mistök með því að flokka slíka þjónustu undir hugtakið þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

⁽²⁴⁾ Sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 284/05 – Írland, „*Regional Broadband Programme: Metropolitan Area Networks ("MANs"), phases II and III*“, sjá 23. mgr. og 37.–40. mgr. Í því máli ályktaði framkvæmdastjórnin að stuðningur við uppbyggingu og rekstur borgarneta (MAN) í ýmsum borgum á Írlandi gæti ekki talist endurgjald fyrir að inna af hendi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sökum þess að ráðstöfunin, sem tilkynnt hefur verið, líkist fremur samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila en umboðsveitingu til að sinna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Sjá einnig ákvörðun N 890/06 – Frakkland, „*Aide du Sicoval pour un réseau de très haut débit*“. Í því máli benti framkvæmdastjórnin á að tilkynnt ráðstöfun varðaði eingöngu stuðning við breiðbandstengingar í fyrirtækjagörðum og opinberum stofnunum í tilteknum hverfum Toulouse, en ekki í íbúðahverfum. Þá náði verkefnið aðeins til hluta héraðsins. Framkvæmdastjórnin ályktaði því að hér væri ekki um að ræða þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu þar eð tilkynnt ráðstöfun hefði ekki það markmið að þjóna hagsmunum almennings, heldur fyrirtækja.

⁽²⁵⁾ Sjá mál T-289/03 *BUPA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2008, bls. II-741, 165. mgr., og mál T-106/95 *FFSA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1997, ECR II-229, 99. mgr. Sjá einnig 14. mgr. orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar „um þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í Evrópu“ (Stjtið. EB C 17, 19.1.2001, bls. 4).

⁽²⁶⁾ Sjá mál T-442/03 *SIC gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2008, bls. II-1161, 195. mgr., mál T-289/03 *BUPA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, sbr. tilvísun hér á undan, 166. mgr., og mál T-17/02 *Fred Olsen gegn framkvæmdastjórn*, sbr. tilvísun hér á undan, 216. mgr. Í 22. mgr. orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar „um þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu í Evrópu“ segir: „*Frelsi stjórnvalda í aðildarríkjunum til að skilgreina [þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu] merkir að það er fyrst og fremst í höndum þeirra að skilgreina hvað teljast skuli til [slíkrar] þjónustu (...), með vísan til sérstakra einkenna viðkomandi starfsemi. Eftirlit með því hvort slík skilgreining er rétt getur aðeins tekið til þess hvort í henni eru fölgín augljós mistök.*“

⁽²⁷⁾ Af þessu leiðir að það markmið almennra hagsmuna, sem stjórnvöld setja sér, getur ekki einfaldlega verið að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða í samræmi við stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 381/04 – Frakkland, „*Projet de réseau de télécommunications haut débit des Pyrénées-Atlantiques*“, 53. mgr., og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 382/04 – Frakkland, „*Mise en place d'une infrastructure haut débit sur le territoire de la région Limousin (DORSAL)*“.

⁽²⁸⁾ Í þessu tilliti skal við mat á þörfinni fyrir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu eingöngu horft til kerfa sem eru uppbyggð á samberilegan hátt, þ.e. annaðhvort hefðbundins breiðbands eða næstu kynslóðar aðgangskerfa.

⁽²⁹⁾ Orðin „*næstu árum*“ ber hér að skilja sem tilvísun til þriggja ára tímabils. Í þessu samhengi verða fjárfestingaráform einkafjárfesta að vera með þeim hætti að tryggt sé að útbreiðsla aukist að minnsta kosti markvort á þessum þremur árum og að fyrirhuguðum fjárfestingum ljúki innan hæfilega langs tíma þar á eftir (að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á hverju svæði og í hverju verkefni).

tilvik þar sem skilgreina má viðkomandi starfsemi sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, og hvort fjárstuðningur hins opinbera í því samhengi samræmist ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins.

- 23) Þegar unnið er að skilgreiningu á umfangi þjónustuverkefnis með efnahagslega þýðingu, með það fyrir augum að tryggja sem mesta útbreiðslu grunnkerfis fyrir breiðband, ber stjórnvöldum í EFTA-rikinum að skýra af hvaða ástæðum þau telja rétt, með tilliti til eðlis viðkomandi þjónustu, að fara með hana sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, og gera þannig greinarmun á henni og annarri atvinnustarfsemi ⁽³⁰⁾. Þá ber þeim að tryggja að þjónustuverkefnið, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, fullnægi tilteknum lágmarksskilyrðum sem gilda um öll slík verkefni, og sýna fram á að þeim sé í reynd fullnægt í viðkomandi tilviki.
- 24) Þessi skilyrði taka að minnsta kosti til þess a) að fyrir liggja stjórnvaldsákvörðun þess efnis að fela hlutaðeigandi fyrirtækjum tiltekið þjónustuverkefni með almenna efnahagslega þýðingu og b) að verkefnið snúist um alþjónustu sem skylt er að inna af hendi. Þegar stjórnvöld í EFTA-rikinum meta skilgreiningu á þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á sviði breiðbandsuppbyggingar með tilliti til þess hvort augljós mistök hafi verið gerð ber þeim því að fullvissa sig um að öllum notendum á viðkomandi svæði, þ.e. bæði heimilum og fyrirtækjum, sé tryggð almenn tengigeita með hinu áformaða grunnkerfi fyrir breiðband. Þá leiðir það af kvöðunum, sem fylgja slíku þjónustuverkefni með almenna efnahagslega þýðingu, að kerfisrekanda áformaðs grunnkerfis verður óheimilt að synja um aðgang að því að eigin geðþótta og/eða að mismuna notendum (til að mynda af þeim ástæðum að ekki sé hagkvæmt að sinna aðgangsjónustu á tilteknu landsvæði).
- 25) Með hliðsjón af þeirri stöðu samkeppnismála sem náðst hefur á rafrænum fjarskiptamarkaði í EES-rikinum eftir að markaðurinn var opnaður, og þá sérstaklega núverandi samkeppnisstöðu á smásölumarkaði fyrir breiðbandsþjónustu, er eðlilegt að allar netveitur, sem eftir slíku leita, njóti aðgangs að grunnkerfi sem fjármagnað er úr opinberum sjóðum og komið er upp í tengslum við þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þegar komið er á fót þjónustuverkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu á sviði breiðbandsuppbyggingar verður það því að vera í tengslum við ákvörðun um að bjóða fram hlutlaust ⁽³¹⁾ grunnkerfi með óheftum aðgangi. Þeir, sem vilja nýta sér slíkt netkerfi, þurfa að geta fengið aðgang að því á alla hugsanlega vegu, og greiða þarf fyrir virkri samkeppni á smásölustigi til þess að tryggja notendum samkeppnisþjónustu á viðráðanlegu verði ⁽³²⁾. Þjónustuverkefni með almenna efnahagslega þýðingu á því aðeins að taka til uppbyggingar á breiðbandskerfi til almenns aðgangs og til heildsölu aðgangs að þjónustu á því neti, en ekki til smásölu á fjarskiptaþjónustu ⁽³³⁾. Ef fyrirtækið, sem falið hefur verið að veita þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, er jafnframt kerfisrekandi sem sinnir öllum þáttum breiðbandsþjónustu ber að setja viðeigandi fyrirvara í samninginn til þess að komast hjá hagsmunaárekstrum, óhóflegri mismunum og hvers kyns leyndu, óbeinu hagræði af öðru tagi ⁽³⁴⁾.
- 26) Þar eð markaður fyrir rafræn fjarskipti hefur verið opnaður að fullu getur fyrirtæki ekki fengið umboð til að veita þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á sviði breiðbandsuppbyggingar í gegnum einkarétt eða sérstök réttindi í skilningi 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
- 27) Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu að tryggja öllum notendum aðgang getur fyrirtæki, sem annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, þurft að koma upp grunnkerfi ekki aðeins á óarðbærum, heldur einnig arðbærum, svæðum, þ.e. svæðum þar sem önnur fyrirtæki hafa þegar byggt upp eigin grunnkerfi eða áforma að gera það í náinni framtíð. Hinar sérstöku aðstæður í breiðbandsgeiranum valda því þó í þessu tilviki að hvers kyns framlög til að mæta útgjöldum mega aðeins taka til kostnaðar við uppbyggingu grunnkerfis á óarðbærum svæðum ⁽³⁵⁾. Ef þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu á sviði breiðbandsuppbyggingar miðast ekki við að grunnkerfið sé í opinberri eigu skal setja fullnægjandi reglur um endurskoðun starfseminnar og endurgreiðslur til þess að hindra að fyrirtækið, sem annast þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, hafi óeðlilegt hagræði af eignarhaldi sínu á netkerfi sem var fjármagnað með almannafé, eftir að sérleyfi til að sinna þjónustunni er runnið út. Loks ber að fylgja þeirri meginreglu að greiðsla endurgjalds fyrir að inna af hendi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu komi í kjölfar opins og gagnsæs útboðs

⁽³⁰⁾ Ef engar slíkar ástæður eru tilgreindar gerir það Eftirlitsstofnun EFTA ókleift að láta fara fram jafnvel lauslega athugun á því hvort stjórnvöldum í viðkomandi EFTA-riki hafa orðið á augljós mistök, með vísan til fyrsta Altmark-skilyrðisins annars vegar og ákvæða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins hins vegar, sbr. mál T-289/03 *BUPA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun hér á undan, 172. mgr.

⁽³¹⁾ Kerfið þarf að vera hlutlaust með tilliti til tæknilausna þannig að þeir, sem vilja nýta sér það, geti boðið notendum þjónustu á grundvelli hvaða fyrirliggjandi tæknilausnar sem vera skal. Krafa af þessu tagi getur reyndar haft lítið að segja í tengslum við uppbyggingu grunnkerfis fyrir ADSL, en öðru máli gegnir þegar um ræðir næstu kynslóðar aðgangskerfi sem byggist á ljósþráðum þar sem fyrirtæki geta byggt þjónustu sína við notendur á mismunandi ljósþráðartækni (þ.e. annaðhvort tengingu milli tveggja fastastöðva eða G-PON).

⁽³²⁾ Í ADSL-netkerfi þarf til dæmis að bjóða bitastreymi og viðhafa fulla aðgreiningu einstakra tegunda þjónustu, en í næstu kynslóðar aðgangskerfi sem byggist á ljósþráðum þarf að minnsta kosti að bjóða leigu á ónotuðum þráðum og bitastreymi, svo og að viðhafa fulla aðgreiningu þjónustu á heimtaugagreinum ef um er að ræða kerfi með ljósþráðum að tengiskáp.

⁽³³⁾ Ástæðan fyrir þessari takmörkun er sú að eftir að breiðbandskerfi með almennum aðgangi hefur verið komið upp nægja markaðsöfl venjulega til að sjá öllum notendum fyrir fjarskiptaþjónustu á samkeppnishæfu verði.

⁽³⁴⁾ Slíkir fyrirvarar geta einkum falið í sér kvöld um aðskilnað í bókhaldi, svo og kröfu um að komið sé upp rekstrareiningu sem er aðgreind frá kerfisrekandanum í skipulagslegum og lagalegum skilningi. Sú rekstrareining bær þá ein ábyrgð á því að fullnægja skilmálum þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og inna hana af hendi.

⁽³⁵⁾ Það er hlutverk stjórnvalda í EFTA-rikinum að ákveða, að teknu tilliti til málsatvika hverju sinni, með hvaða aðferðum sé best tryggt að endurgjaldið, eins og það er ákveðið, bæti aðeins kostnað við að inna af hendi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á óarðbærum svæðum. Ákvörðun endurgjaldsins mætti til að mynda byggja á samanburði á atvinnutekjum af rekstri grunnkerfisins á arðbærum svæðum annars vegar og óarðbærum svæðum hins vegar. Ef reksturinn leiðir til umframhagnaðar, þ.e. meiri hagnaðar en sem nemur meðalárðemi fjármuna sem fyrirtæki í greininni leggja til uppbyggingar tiltekins grunnkerfis fyrir breiðband, er heimilt að ákveða að hann skuli nýttur á móti kostnaði af því að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu á óarðbærum svæðum, en því sem upp á vantar er þá mætt með ákvörðuðu endurgjaldi.

þar sem jafnræði ríkir með öllum bjóðendum og þeim er gert að skilgreina á gagnsæjan hátt bæði arðbær og óarðbær svæði, áætla væntanlegar tekjur og tilgreina hversu hátt endurgjald þeir telja sig þurfa á móti þeim tekjum, án þess að um ofgreiðslu verði að ræða. Í útboði, sem skipulagt er með þessum formerkjum, ber að tryggja að fullnægt sé fjórða skilyrðinu sem fram kemur í Altmark-dómnum (sjá 19. mgr.).

- 28) Þegar öll fjögur skilyrði Altmark-dómsins eru ekki uppfyllt, en fullnægt er almennum skilyrðum fyrir því að ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins geti átt við, telst endurgjald fyrir almannaþjónustu á sviði breiðbandsuppyggingar fela í sér ríkisaðstoð, og fellur það þá undir ákvæði 49., 59. og 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (hér eftir: „bókun 3 við samning um eftirlitsstofnun og dómstól“). Þegar þannig stendur á getur það talist samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins að veita tilteknum fyrirtækjum, sem falið hefur verið að annast með almenna efnahagslega þýðingu (sjá 23.–27. mgr. hér á undan), ríkisaðstoð með því að greiða þeim endurgjald fyrir almannaþjónustu og er sú aðstoð þá undanþegin tilkynningarskyldunni, sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ef fullnægt er skilyrðunum sem sett eru í gerðinni sem um getur í lið 1h í XV. viðauka við EES-samninginn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera [sic] þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu) ⁽³⁶⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við samninginn ⁽³⁷⁾.

2.3 Mat á því hvort aðstoðin samrýmist ákvæðum 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins

- 29) Þegar framkvæmdastjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að tilkynnt ráðstöfun á sviði breiðbandsuppyggingar hafi haft í för með sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins hefur mat á því hvort aðstoðin samrýmist ákvæðum sáttmálans til þessa farið fram með beinni tilvísan til stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans ⁽³⁸⁾.
- 30) Hugsast getur að landsvæði, sem ríkisstyrkt breiðbandsverkefni nær til, séu einnig svæði sem heimilt er að styrkja í skilningi stafl. a) og c) í 3. mgr. 61. gr. og kaflans „Landsbundin byggðaaðstoð 2007–2013“ í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð (hér eftir: „kaflinn um landsbundna byggðaaðstoð“) ⁽³⁹⁾. Í þeim tilvikum getur aðstoð til breiðbandsuppyggingar einnig flokkast sem aðstoð til stofnfjárfestingar í skilningi kaflans um landsbundna byggðaaðstoð. Í mörgum þeirra mála, sem framkvæmdastjórnin hefur haft til athugunar, vörðuðu hinar tilkynntu ráðstafanir þó einnig önnur svæði, þ.e. svæði sem ekki var heimilt að styrkja, og gat framkvæmdastjórnin í þeim tilvikum ekki byggt mat sitt á samsvarandi leiðbeinandi reglum sínum um landsbundna byggðaaðstoð ⁽⁴⁰⁾.
- 31) Þegar tiltekin ráðstöfun fellur undir ákvæði kaflans um landsbundna byggðaaðstoð og áformað er að veita staka sérákvæðna aðstoð einu fyrirtæki, eða aðstoð sem er bundin einni tegund starfsemi, ber stjórnvöldum í hlutaðeigandi EFTA-ríki að sýna fram á að skilyrðum kaflans um landsbundna byggðaaðstoð sé fullnægt. Hér er einkum um það að ræða að verkefnið, sem um ræðir, stuðli að framkvæmd vel samræmdrar byggðastefnu og samkeppnisröskun verði ekki óviðunandi að teknu tilliti til eðlis og umfangs verkefnisins.

2.3.1 Jafnvægismatíð og beiting þess í tengslum við aðstoð til breiðbandsuppyggingar

- 32) Við mat á því hvort ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins vegur Eftirlitsstofnun EFTA jákvæð áhrif ráðstöfunarinnar, sem eru afleiðing þess að unnið er að markmiði á sviði almannahagsmuna, á móti hugsanlegum neikvæðum hliðaráhrifum, svo sem röskun á samkeppni og viðskiptum.
- 33) Stofnunin leitar með jafnvægismatinu svara við eftirfarandi spurningum:
- Er ráðstöfuninni beint að vel skilgreindu markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna, þ.e. stuðlar aðstoðin, sem fyrirhugað er að veita, að því að uppræta markaðsbrest eða að öðru markmiði? ⁽⁴¹⁾
 - Er aðstoðin vel til þess fallin að ná viðkomandi markmiði á sviði sameiginlegra hagsmuna? Nánar tiltekið:

⁽³⁶⁾ Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

⁽³⁷⁾ Sjá einnig kaflann „Ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu“ í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, Stjtið. ESB L 109, 26.4.2007, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 20, 26.4.2007, bls. 1, sem er jafnframt birtur á vefsetri stofnunarinnar: http://www.efstasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid/state_aid_guidelines/partvi-stateaidintheformofpublicservicecompensation.pdf

⁽³⁸⁾ Hér er rétt að rifja upp að samkvæmt ákvæðum stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem samsvarar stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, getur „aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið“ einnig talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

⁽³⁹⁾ Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 11, 28.2.2008, bls. 1.

⁽⁴⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013, Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13–45. Þar við bætist að þó að veitt aðstoð hafi í sumum tilvikum verið bundin við „svæði sem heimilt er að styrkja“, og hefði jafnframt getað flokkast sem aðstoð til stofnfjárfestingar í skilningi ofangreindra leiðbeinandi reglna, var aðstoðarhlutfallið iðulega svo hátt að það varð hærra en sem nam leyfilegu hámarki byggðaaðstoðar á slíkum svæðum.

⁽⁴¹⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 508/08 – Bretland, „Provision of remote Broadband services in Northern Ireland“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 201/06 – Grikkland, „Broadband access development in underserved areas“, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 118/06 – Lettland, „Development of broadband communications networks in rural areas“.

- i) Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki, þ.e. eru til önnur og hentugri stjórnþæki?
 - ii) Erú hvatningaráhrif fyrir hendi, þ.e. breytir aðstoðin hegðun fyrirtækja?
 - iii) Er aðstoðarráðstöfunin í samræmi við meðalhóf, þ.e. mætti ná fram sömu breytingum á hegðun með minni aðstoð?
- c) Erú samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti takmörkuð, og heildaráhrifin þannig jákvæð?
- 34) Nánari lýsingu á einstökum þrepum jafnvægis matsins, eins og það er framkvæmt á sviði breiðbandsuppyggingar, er að finna í undirköflum 2.3.2 og 2.3.3.

2.3.2 Markmið með ráðstöfuninni

- 35) Eins og tekið var fram í innganginum skiptir sköpum að tryggja sem flestum aðgang að breiðbandi á viðráðanlegu verði vegna þess að þannig má koma þessari tækni miklu hraðar til skila og ýta undir vöxt og nýsköpun á öllum sviðum atvinnulífsins ásamt því að efla samstöðu þjóðfélagshópa og byggða.
- 36) Kostnaðarhlíðar breiðbandsuppyggingar eru með þeim hætti að markaðsaðilar telja ekki alltaf arðbært að leggja fé í slíka starfsemi. Þéttbýli leiðir til aukinnar hagkvæmni og þannig er venjulega mest arðsemi fólgin í því að byggja upp breiðbandskerfi þar sem væntanleg eftirspurn er mest og bundin við afmarkað svæði, þ.e. á þéttbýlum svæðum. Þar eð fjárfestingu á þessu sviði fylgir mikill fastur kostnaður hækkar kostnaður við hverja einingu afar mikið þar sem meira strjálbýli er. Afleiðingin er sú að yfirleitt er ekki arðbært að byggja upp breiðbandskerfi sem ná til allra íbúa á slíkum svæðum. Jafnframt getur háttáð svo til sums staðar að aðeins eitt fyrirtæki geti rekið arðbært netkerfi, ekki tvö fyrirtæki eða fleiri.
- 37) Ef markaðsfyrirtæki geta ekki tryggt fullnægjandi útbreiðslu breiðbands, eða skilyrði fyrir aðgangi að breiðbandi eru óviðunandi, getur verið gagnlegt að notast við ríkisaðstoð. Nánar tiltekið getur ríkisaðstoð á sviði breiðbands bætt úr markaðsbresti, þ.e. aðstæðum sem einkennast af því að einstakir markaðsfjárfestar ráðast ekki í fjárfestingar jafnvel þótt þær séu hagkvæmar þegar lítið er til víðara efnahagslegs samhengis, t.d. jákvæðra smitáhrifa. Á hinn bóginn má einnig líta á ríkisaðstoð til breiðbandsuppyggingar sem verkfæri til að ná markmiðum er varða jafnræði þegnanna, þ.e. sem leið til að bæta aðgang allra í samfélaginu að mikilvægu tæki til samskipta og samfélagsþátttöku, svo og tjáningarfrelsis, og efla þannig samstöðu þjóðfélagshópa og byggða.
- 38) Gagnlegt er að gera strax í upphafi skýran greinarmun á þeim tegundum svæða sem heimilt er að styrkja, eftir því hversu öflug breiðbandstenging er þegar fyrir hendi. Framkvæmdastjórnin hefur jafnan gert greinarmun á svæðum þar sem ekkert grunnkerfi fyrir breiðband er fyrir hendi og litlar líkur eru til að það verði byggt upp á næstu árum („hvít svæði“), svæðum þar sem aðeins eitt fyrirtæki rekur breiðbandskerfi („grá svæði“) og svæðum þar sem að minnsta kosti tvö fyrirtæki reka breiðbandskerfi („svört svæði“) (42).

2.3.2.1 Hvít svæði: unnið að markmiðum er snúa að samstöðu byggða og efnahagsuppyggingu

- 39) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að með stuðningi við breiðbandsuppyggingu á strjálbýlum hvítum svæðum, sem ekki er þjónað sem skyldi, megi efla samstöðu byggða, þjóðfélagshópa og efnahagssvæða og vinna gegn markaðsbrestum. Arðbær breiðbandskerfi ná að jafnaði ekki til allra þjóðfélagshópa og því er stuðningur hins opinbera nauðsynlegur til að tryggja öllum aðgang að breiðbandi.
- 40) Stofnunin fellst á að með fjárstuðningi við rekstur breiðbandsþjónustu á svæðum þar sem ekkert breiðband er fyrir hendi sem stendur og einkafjárfestar hafa engin áform um að byggja upp slík grunnkerfi á næstu árum vinna EFTA-rikin að fullgildum samstöðu- og efnahagsþróunarmarkmiðum og því má telja líklegt að slík afskipti þjóni sameiginlegum hagsmunum (43). Orðin „á næstu árum“ ber hér að skilja sem tilvísun til þriggja ára tímabils. Í þessu tilliti skulu fjárfestingaráform einkafjárfesta vera með þeim hætti að tryggja megi að minnsta kosti markvert aukna útbreiðslu á þessum þremur árum og að fyrirhuguðum fjárfestingum ljúki innan hæfilega langs tíma þar á eftir (en sá tími ræðst af sérstökum aðstæðum í hverju verkefni og á hverju svæði). Stjórnvöld geta gert það að skilyrði að lögð sé fram bæði viðskiptaáætlun og ítarleg áætlun um tilhögun uppyggingarinnar, auk staðfestingar á fullnægjandi fjármögnun eða annarra gagna sem geta sýnt fram á að fjárfestingaráform kerfisrekenda í einkaeigu séu trúverðug og líkleg til árangurs.

2.3.2.2 Svört svæði: afskipti hins opinbera óþörf

- 41) Þegar að minnsta kosti tvö breiðbandsfyrirtæki eru starfandi á tilteknu landsvæði og breiðbandsþjónusta er veitt á samkeppnisforsendum (samkeppni ríki milli grunnkerfa) er enginn markaðsbrestur fyrir hendi. Því er afar lítið svigrúm til að ná fram frekara ávinningi með afskiptum af hálfu hins opinbera. Þvert á móti leiðir ríkisstuðningur við uppyggingu nýs breiðbandskerfis að öðru jöfnu til óviðunandi samkeppnisröskunar svo og ruðningsáhrifa gagnvart einkafjárfestum. Verði ekki sýnt greinilega fram á markaðsbrest mun

(42) Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 201/06 – Grikkland, „Broadband access development in underserved areas“.

(43) Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 118/06 – Lettland, „Development of broadband communications networks in rural areas“.

stjórnþæki til að tryggja framboð á breiðbandsþjónustu, einkum á svæðum sem er ekki þjónað sem skyldi af þeim ástæðum að lítil undirliggjandi arðsemi er af fjárfestingunni ⁽⁴⁷⁾.

- 47) Við þetta bætist að þótt ráðstafanir, sem gerðar eru á eftirspurnarlið til að ýta undir breiðbandsuppyggingu (t.d. að afhenda notendum afsláttarmiða), geti stuðlað að meiri útbreiðslu breiðbands og ástæða sé til að ýta undir notkun slíkra aðferða í stað annarra ráðstafana hins opinbera eða jafnframt þeim, nægir slíkt ekki alltaf til að bæta úr skorti á breiðbandsþjónustu ⁽⁴⁸⁾. Því er hugsanlegt að við slíkar aðstæður sé opinber fjárveiting eina leiðin til að bæta úr skorti á breiðbandstengingum.
- 48) Til þess að áætla hvatningaráhrif slíkrar ráðstöfunar verður að staðfesta að ekki hefði verið ráðist í viðkomandi fjárfestingu í breiðbandskerfi á sama árabili ef engin ríkisaðstoð hefði fengist.
- 49) Þegar fram fer mat á því hvort tilkynntar ráðstafanir á hvítum og gráum svæðum eru í samræmi við meðalhóf gefur það tilefni til gagnerrar athugunar ef einhverju skilyrðanna í eftirfarandi liðum a) til h) er ekki fullnægt ⁽⁴⁹⁾ og er líklegasta niðurstaðan þá sú að aðstoðin teljist ekki samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins:
- Nákvæm kortlagning og greining á útbreiðslu:* Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum verða að tilgreina með skýrum hætti hvaða landsvæði muni njóta góðs af stuðningsráðstöfuninni. Með því að vinna samhlíða greiningu á samkeppnisástandum og uppbyggingu samkeppnismarkaðarins á viðkomandi svæði, og leita samráðs við alla þá sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við ráðstöfunina, geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum reist skorður við samkeppnisröskun gagnvart starfandi þjónustuveitum og þeim sem þegar hafa uppi áform um fjárfestingar í náinni framtíð, og þannig gert slíkum fjárfestum kleift að skipuleggja starfsemi sína ⁽⁵⁰⁾. Með nákvæmri kortlagningu og rækilegu samráðsferli er ekki aðeins tryggt að málsmeðferðin fari fram fyrir opnum tjöldum heldur er hér einnig um að ræða ómissandi verkfæri til að greina á milli hvítra, grárra og svartra svæða ⁽⁵¹⁾.
 - Opið útboð:* Með opnu útboði er tryggt að fullnægjandi upplýsingar séu tiltækar öllum þeim fjárfestum sem hafa hug á að bjóða í hinar styrktu framkvæmdir. Það er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir opnu útboði að jafnræðis sé gætt með öllum bjóðendum. Opið útboð er aðferð til að draga sem mest úr ávinningi verksala af ríkisaðstoðinni og ráðstöfunin verður jafnframt minna sértæk með þessu móti að því leyti sem ekki er vitað fyrirfram hver viðtakandi aðstoðarinnar verður ⁽⁵²⁾.
 - Hagkvæmasta tilboð:* Þegar opið útboð fer fram skal fylgt þeirri megin stefnu, með það fyrir augum að lækka væntanlega aðstoðarfjárhæð, að séu tilboð sambærileg að gæðum, þótt nokkur munur kunnist vera á þeim, hljóti sá bjóðandi flest forgangsstig í heildarmati á tilboðum sem fer fram á lægsta aðstoðarfjárhæð ⁽⁵³⁾. Á þennan hátt geta stjórnvöld í EFTA-ríkinu látið markaðinn um að ákveða hversu mikillar aðstoðar er þörf í raun, og jafnað þannig að nokkru upplýsingahallann sem er í flestum tilvikum einkafjárfestum í vil.
 - Hlutleysis gætt að því er varðar tækniáðferðir:* Með hliðsjón af því að unnt er að nota grunnkerfi af ýmsu tagi til að veita breiðbandsþjónustu, m.a. þráðkerfi (xDSL, kapaldreifikerfi), þráðlaus kerfi (WiFi, WiMAX), gervitunglakerfi og farkerfi, mega stjórnvöld í EFTA-ríkjunum ekki hygla einni tegund tækni eða einu grunnkerfi umfram annað nema þau geti sýnt fram á málefnalegar ástæður fyrir slíku ⁽⁵⁴⁾. Heimila skal bjóðendum að byggja framboð sitt á breiðbandsþjónustu, sem skylt er að veita, á hverri þeirri tækni eða samsetningu tæknilausna sem þeim þykir henta.
 - Notkun grunnkerfa sem fyrir eru:* Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu, þar sem því verður við komið, hvetja bjóðendur til að nýta sér grunnkerfi sem fyrir eru með það fyrir augum að forðast óþarfa uppbyggingu tveggja hliðstæðra kerfa með tilheyrandi sóun. Til þess að forðast sem mest óæskileg áhrif á fjárhag starfandi kerfisrekenda skal þeim gefinn kostur á að bjóða fram grunnkerfi sín til notkunar í hinu

⁽⁴⁷⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 473/07 – Ítalía, „Broadband connection for Alto Adige“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 570/07 – Þýskaland, „Broadband in rural areas of Baden-Württemberg“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 131/05 – Bretland, „FibreSpeed Broadband Project Wales“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 284/05 – Írland, „Regional Broadband Programme: Metropolitan Area Networks (“MANs”), phases II and III“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 118/06 – Letland, „Development of broadband communication networks in rural areas“ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 157/06 – Bretland, „South Yorkshire Digital Region Broadband Project“.

⁽⁴⁸⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 222/06 – Ítalía, „Aid to bridge the digital divide in Sardinia“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 398/05 – Ungverjaland, „Development Tax Benefit for Broadband“ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 264/06 – Ítalía, „Broadband for rural Tuscany“.

⁽⁴⁹⁾ Athugun af því tagi fer að jafnaði fram samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽⁵⁰⁾ Þegar sammanlegt er að starfandi kerfisrekendur hafa ekki látið stjórnvöldum í té nein upplýsingar sem nýst geti við nauðsynlega kortlagningu verða þau stjórnvöld að byggja athugun sína eingöngu á þeim upplýsingum sem þau hafa undir höndum.

⁽⁵¹⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 201/06 – Grikkland, „Broadband access development in underserved areas“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 264/06 – Ítalía, „Broadband for rural Tuscany“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 475/07 – Írland, „National Broadband Scheme (“NBS”)“ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 115/08 – Þýskaland, „Broadband in rural areas of Germany“.

⁽⁵²⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 508/08 – Bretland, „Provision of Remote Broadband Services in Northern Ireland“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 475/07 – Írland, „National Broadband Scheme (NBS)“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 157/06 – Bretland, „South Yorkshire Digital Region Broadband Project“.

⁽⁵³⁾ Með það fyrir augum að velja hagkvæmasta tilboðið ber stjórnvaldinu, sem hefur umsjón með útboðinu, að tilgreina fyrirfram hvaða hlutfallsvægi það hyggst gefa hverju (gæða)skilyrði sem byggt er á.

⁽⁵⁴⁾ Framkvæmdastjórnin hefur aðeins einu sinni fallist á að fullgildar ástæður væru fyrir því að notast við tiltekna tæknilausn, sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 222/06 – Ítalía, „Aid to bridge the digital divide in Sardinia“. Í því máli leit framkvæmdastjórnin svo á að með tilliti til sérstakra aðstæðna, þ.e. „stadháta í héraðinu, að engin kapaldreifikerfi eru starfrækt þar og að æskilegt er að ávinningur af aðstoðinni verði sem mestur, virðist ADSL-tækni henta best til þess að ná markmiðunum að baki framkvæmdinni“, sjá 45. mgr. ákvörðunarinnar.

tilkynnta verkefni. Þetta skilyrði má þó ekki verða til þess að ívilna ráðandi fyrirtækjum á markaðnum, sérstaklega ef þannig stendur á að þriðji aðili getur ekki nýtt sér aðgang að slíkum grunnkerfum eða aðföng sem væru nauðsynleg til að keppa við ráðandi fyrirtæki. Á gráum svæðum getur jafnframt verið nauðsynlegt að gera ráð fyrir meiri samkeppni milli grunnkerfa, þegar sýnt er að vandann má að hluta rekja til þess að keppinautar ráðandi fyrirtækis eru háðir aðgangi að búnaði þess.

- f) *Heildsöluaðgangur*: Þegar ríkisaðstoð er veitt til fjármögnunar á nýju grunnkerfi fyrir breiðband er nauðsynlegt að kveða á um greiðan heildsöluaðgang þriðja aðila að hinu niðurgreidda breiðbandskerfi. Hér er einkum á það að líta að heildsöluaðgangur gerir öðrum kerfisrekendum fært að keppa við bjóðandann sem samið hefur verið við (ef sá bjóðandi starfar einnig á smásölustigi) og eykst þannig bæði úrval og samkeppni á svæðunum sem ráðstöfunin tekur til, jafnframt því sem forðast má að þjónustufyrirtæki öðlist einokunarstöðu í viðkomandi byggðum. Tryggja ber greiðan heildsöluaðgang að niðurgreiddum grunnkerfum um að minnsta kosti sjö ára skeið. Þetta skilyrði gildir óháð því hvort ráðist hefur verið í markaðsgreiningu fyrirfram í skilningi 7. gr. tilskipunar 2002/21/EB (rammatilskipunar) ⁽⁵⁵⁾. Ef eftirlitsfyrirvöld í landinu líta svo á að þessum sjö árum liðnum, með vísan til gildandi regluramma, að kerfisrekandi grunnkerfisins hafi umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði ⁽⁵⁶⁾ ber þó að framlengja gildistíma aðgangskvæðarinnar.
- g) *Verðákvörðun með samanburði*: Til þess að tryggja megi greiðan heildsöluaðgang og hamla gegn hugsanlegri samkeppnisröskun skiptir höfuðmáli að heildsöluverð sé ekki ákveðið óhóflega hátt eða á hinn bóginn að bjóðandinn, sem samið hefur verið við, stundi ekki undirverðlagningu til að styrkja eigin markaðsstöðu eða undirboð. Heildsöluverð fyrir aðgang skal ákveðið með hliðsjón af auglýstu (stýrðu) meðalheildsöluverði á öðrum, sambærilegum svæðum í landinu eða á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem meiri samkeppni ríkir, en sé engu slíku auglýstu verði til að dreifa skal miðað við verð sem eftirlitsfyrirvöld hafa þegar ákveðið eða samþykkt að gilda skuli að því er varðar viðkomandi markað eða þjónustu. Þar sem verðlagning hefur þegar verið felld undir fyrirframstýringu (þ.e. á gráum svæðum) má heildsöluverð fyrir aðgang að niðurgreiddum grunnkerfi þannig ekki vera lægra en aðgangsverðið sem eftirlitsfyrirvöld hafa ákveðið að gilda skuli á sama landsvæði. Verðákvörðun með samanburði er mikilvæg varúðarráðstöfun enda geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum á þennan hátt komist hjá því að ákveða smásölu- eða heildsöluverð fyrir aðgang í smáatriðum fyrirfram, og jafnframt tryggt að veitt aðstoð nýtist til að líkja eftir markaðsskilyrðum á öðrum breiðbandsörkuðum þar sem samkeppni ríkir. Tilgreina skal með skýrum hætti í útboðsgögnum eftir hvaða viðmiðunatriðum verði farið við verðákvörðun með samanburði.
- h) *Endurgreiðslukvöld til að forðast ofgreiðslur*: Til þess að ekki verði um ofgreiðslur að ræða til bjóðandans, sem samið er við, ef breiðbandseftirspurn á styrkta svæðinu eykst umfram væntingar skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjunum setja ákvæði um skipulegar endurgreiðslur í samninginn sem gerður er við bjóðandann ⁽⁵⁷⁾. Skipulegar endurgreiðslur geta nýst eftirá og afturvirk til að lækka aðstoðarfjárhæð sem talin var nauðsynleg í upphafi.

3 Ríkisaðstoð vegna næstu kynslóðar aðgangskerfa

3.1 Stuðningur við hraða uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa

- 50) Viða í EES-ríkjunum beina stjórnvöld nú sjönnum sínum að stuðningi við breiðbandskerfi sem nota má til að veita þjónustu með mjög miklum flutningshraða svo og margs konar háþróaða samþætta stafræna þjónustu. Í slíkum næstu kynslóðar aðgangskerfum er fyrst og fremst notast við ljósþráðakerfi eða fullkomin, endurbætt kapaldreifikerfi sem ætlað er að koma að öllu eða miklu leyti í stað eldri koparþráðakerfa fyrir breiðband eða kapalkerfa sem nú eru í notkun.
- 51) Næstu kynslóðar aðgangskerfi eru þráðtengd aðgangskerfi sem byggjast á ljósþráðum að öllu leyti eða að hluta og gera það kleift að veita breiðbandsþjónustu með betri eiginleikum (til að mynda meiri flutningsgetu) en þeim sem einkenna þjónustuna sem veitt er um núverandi koparþráðakerfi ⁽⁵⁸⁾.
- 52) Í stuttu máli sagt verða hraði og gagnaflutningsgeta næstu kynslóðar aðgangskerfa í framtíðinni nægilega mikil til að skila megi myndefni í mikilli upplausn, fullnægja bandbreiddarþörf krefjandi hugbúnaðar og bjóða fyrirtækjum á viðráðanlegu verði breiðbandstengingar með miklum, samhverfum gagnaflutningshraða af því tagi sem aðeins stórfyrirtæki geta nýtt sér nú. Þegar á heildina er litið eiga næstu kynslóðar aðgangskerfi að geta leitt til framfara á öllum sviðum breiðbandstækni og breiðbandsþjónustu.

⁽⁵⁵⁾ Við þetta bætist að fari stjórnvöld í EFTA-ríkjunum þá leið við stjórnun kerfisins að veita þriðja aðila aðeins rétt til heildsöluaðgangs að niðurgreiddum grunnkerfi fyrir breiðband, en ekki smásöluaðgangs að þjónustu, dregur það enn frekar úr líkunum á samkeppnisröskun þar sem með þeirri stjórnunarleið má fremur komast hjá flóknum álitamálum sem snúa að undirverðlagningu til að styrkja eigin markaðsstöðu og leyndri mismunun aðgangssleitenda.

⁽⁵⁶⁾ Í þessu tilliti verða eftirlitsfyrirvöld að líta til þess hvort þær sérstöku aðstæður séu enn fyrir hendi sem voru upphaflega tilefnið til að veita viðkomandi kerfisrekanda aðstoð.

⁽⁵⁷⁾ Í sérstökum undantekningartilvikum, sem stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki þurfa að rökstyðja á fullnægjandi hátt, getur kvæð af þessu tagi leitt til óhóflegrar stjórnsýslubyrði fyrir stjórnvöldin, sem veita aðstoðina, ef aðstoðarfjárhæðir eru mjög lágar eða um ræðir lítil, stök verkefni sem eru útfærð samkvæmt einföldum reglum um opinber innkaup, og mun Eftirlitsstofnun EFTA þá falla frá kröfu um þetta.

⁽⁵⁸⁾ Tækni- og markaðsþróun virðist enn ekki vera komin nógu langt til að unnt sé að nota gervitunglakerfi eða farsimakerfi til að veita breiðbandsþjónustu með miklum flutningshraða í báðar áttir, enda þótt þetta geti breyst þegar fram í sækir, einkum að því er varðar þjónustu í farsimakerfum (með næsta stóráfanga í þróun farsimafjarskipta, sem gengur undir nafninu „Long Term Evolution“, getur hámarksagnaflutningshraði fræðilega orðið 100 Mb/s til notanda og 50 Mb/s frá notanda, ef og þegar sú tækni kemst í notkun).

- 53) Framkvæmdastjórnin hefur nú þegar haft til meðferðar nokkrar tilkynningar um ríkisaðstoð vegna lagningar ljósþráðakerfa. Þar hefur verið um að ræða annaðhvort uppbyggingu „kjarnakerfis“ næstu kynslóðar aðgangskerfis á tilteknu svæði ⁽⁵⁹⁾ eða ljósþráðartengingar sem nýttust aðeins litlum hópi fyrirtækja ⁽⁶⁰⁾.
- 54) Rétt eins og þegar hefðbundin breiðbandskerfi af svonefndri „fyrstu kynslóð“ voru byggð upp geta sveitar- og héraðsstjórnir rökstutt stuðning sinn við hraða uppbyggingu ljósþráðakerfa með vísan til markaðsbrests eða samstöðumarkmiða. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar hafa til þessa að mestu varðað uppbyggingu grunnkerfa fyrir hefðbundið breiðband í strjálbýlum byggðum/héruðum (dreifð kerfi með miklum fjármagnskostnaði) eða á svæðum sem búa við rýran efnahag (lítill geta til að greiða fyrir þjónustu), en nú bregður svo við að kostnaður við næstu kynslóðar aðgangskerfi er sagður svo mikill að hann sé dragbitur á uppbyggingu slíkra kerfa ekki aðeins í strjálbýli, heldur einnig sums staðar í þéttbýli. Nánar tiltekið virðist kostnaður, fremur en þéttbýli, ráða mestu um hversu hröð og mikil útbreiðsla næstu kynslóðar aðgangskerfa getur orðið ⁽⁶¹⁾.
- 55) Bein afskipti opinberra aðila geta því verið réttlætlanleg þegar þörf er á að tryggja að svæði, sem kerfisrekendur telja óarðbær, fái engu að síður að njóta þeirra umtalsverðu smitáhrifa sem næstu kynslóðar aðgangskerfi geta haft í efnahagslífinu í stað þess að búa við nýja stafræna „næstu kynslóðar gjá“. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum kunna því að vilja ýta undir uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa á svæðum þar sem fjárfestingar starfandi kerfisrekenda á sviði breiðbands í slíkum kerfum gætu dregist árum saman, sökum þess að þau svæði þykja ekki gefa eins mikið af sér og viss þéttbýlissvæði. Í sumum tilvikum kunna stjórnvöld að ákveða að leggja sjálf í fjárfestingar eða styrkja einkarekna kerfisrekendur til þess að koma upp tengingum í gegnum næstu kynslóðar aðgangskerfi, eða byggja upp slíkar tengingar fyrr en áætlað hafði verið, þannig að jákvæð áhrif á atvinnustig og aðra efnahagslega þætti komi fram sem fyrst.
- 56) Hvers kyns afskipti hins opinbera, sem hafa það að markmiði að ýta undir eða hraða uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa, verða að samrýmast gildandi ríkisaðstoðarreglum.

3.2 Tegundir opinberra afskipta

- 57) Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta gengið mislangt í afskiptum sínum af markaðnum í þeim tilgangi að ýta undir eða hraða uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa. Í þessu tilliti gilda um ríkisafskipti af uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa, að breyttu breytanda, sjónarmiðin sem lýst er í undirköflum 2.2.1 og 2.2.2 (beiting markaðsfjárfestareglunnar, endurgjald fyrir almannaþjónustu og Altmark-skilyrðin). Eðli þessara afskipta, og hvaða afleiðingar þau hafa, getur ráðið því hvernig staðið er að greiningu á þeim með tilliti til ríkisaðstoðarreglnanna.
- 58) Á svæðum þar sem vænta má að einkafjárfestar byggi upp næstu kynslóðar aðgangskerfi á komandi árum geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum gert ýmsar ráðstafanir til að hraða gangi fjárfestinga, og hvatt þannig fjárfesta til að flyta fjárfestingaráformum sínum. Þessar ráðstafanir þurfa ekki að fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Sökum þess að stór hluti kostnaðar við uppbyggingu ljósþráðakerfa fellur til vegna almennrar framkvæmdavinnu (t.d. jarðvinnu, lagnavinnu utanhúss sem innan o.s.frv.) geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum ákveðið í samræmi við regluramma Evrópska efnahagssvæðisins á sviði rafrænna fjarskipta, til að mynda, að gera kaup á leiðarrétti auðveldari og skylda kerfisrekendur til að hafa samvinnu um framkvæmdir og/eða heimila þriðja aðila afnot af kerfunum ⁽⁶²⁾. Með líkum hætti geta stjórnvöld í EFTA-ríkjunum kveðið á um að koma verði upp ljósþráðartengingu hvar sem unnið er að nýjum mannvirkjum (þar á meðal nýjum vatnsveitu, orkuveitu-, samgöngu- eða fráveitukerfum) og/eða byggingum.
- 59) Þá geta opinberir aðilar ákveðið að ráðast í framkvæmdir (t.d. jarðvinnu á landi í eigu hins opinbera eða lagningu stokka) til þess að stuðla að og flyta vinnu viðkomandi kerfisrekenda við að koma fyrir sínum hluta kerfisins. Framkvæmdir af því tagi mega þó ekki vera þess eðlis að þær nýtist aðeins einni atvinnugrein, heldur er meginreglan sú að öllum hugsanlegum notendum standi til boða að nýta þær (þ.e. rafveitu-, gas- og vatnsveitufyrirtækjum o.s.frv.), en ekki aðeins fyrirtækjum á sviði rafrænna fjarskipta. Opinber afskipti af þessu tagi falla utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að því tilskildu að markmiðið með þeim sé að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir því að veitufyrirtæki geti komið upp netkerfum sínum, án þess að nokkurri atvinnugrein eða nokkru fyrirtæki sé ívilnað sérstaklega (einkum á þann hátt að fjármagnskostnaður lækki).
- 60) Eftirlitsyfirvöld í hverju ríki geta einnig gert sambærilegar ráðstafanir til þess að tryggja að leyfi til notkunar á staurum og stokkum í eigu veitufyrirtækja eða starfandi kerfisrekenda séu veitt á jafnræðisgrundvelli og án mismununar.

⁽⁵⁹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 157/06 – Bretland, „South Yorkshire Digital Region Broadband Project“ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 284/05 – Írland, „Regional Broadband Programme: Metropolitan Area Networks (“MANs”), phases II and III“.

⁽⁶⁰⁾ Í aðeins tveimur þessara mála (Appingedam og Amsterdam) var ríkisaðstoð veitt til uppbyggingar á næstu kynslóðar aðgangskerfi með það fyrir augum að tengja heimilisnotendur á markaðnum við ljósþráðakerfi.

⁽⁶¹⁾ Kerfisrekendur á sviði breiðbands hafa borið því við að uppbygging ljósþráðakerfa sé enn afar dýr og áhættusöm fjárfesting nema þar sem þéttbýli er mikið eða mörg fyrirtæki koma saman og kerfisrekendur hafa þegar marga breiðbandsnotendur í viðskiptum sem unnt er að flytja yfir á kerfi með meiri flutningshraða. Í sumum tilvikum er kostnaður við uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa og ljósþráðakerfa sagður of hár þegar litið er til væntanlega tekna með þeim afleiðingum að enginn, eða of fáir, meðal þjónustuveitenda í einkageiranum muni sækja inn á þennan markað.

⁽⁶²⁾ Slíkar ráðstafanir mega ekki beinast sérstaklega að fyrirtækjum sem starfa á sviði rafrænna fjarskipta heldur gilda jafnt um öll fyrirtæki í öllum viðkomandi atvinnugreinum (til að mynda önnur veitufyrirtæki á borð við gasveitur, rafveitur og/eða vatnsveitur). Ef ráðstafanir beindust að fyrirtækjum á sviði rafrænna fjarskipta eingöngu væri um að ræða atvinnugreinabundna aðstoð af því tagi sem bann er lagt við í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- 61) Eins og ráða má af ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar á sviði hefðbundins breiðbandsrekstrar kemur ríkisaðstoð til breiðbandsuppyggingar oftast frá sveitar- eða héraðsstjórnun og er markmiðið þá annaðhvort að bæta úr skorti á breiðbandstengingum á viðkomandi svæði eða auka samkeppnishæfni þess með því að auka útbreiðslu og tengingu breiðbandskerfisins sem fyrir er. Til þessa hafa stjórnvöld unnið að þessum tveimur markmiðum annaðhvort með því að bjóða út uppbyggingu og rekstur grunnkerfis fyrir breiðband í opinberri eigu eða með fjárstuðningi við uppbyggingu breiðbandskerfis í einkaeigu ⁽⁶³⁾.
- 62) Ef afskipti hins opinbera hafa í för með sér ríkisaðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður að tilkynna þau til Eftirlitsstofnunar EFTA en hún metur hvort þau geta talist samrýmanleg sameiginlega markaðnum með vísan til sjónarmiðanna sem lýst er í undirköflum 3.3 og 3.4 ⁽⁶⁴⁾.

3.3 Skipting í hvít, grá og svört svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa

- 63) Eins og rífað er upp í 38. mgr. ræður skiptingin í hvít, grá og svört svæði matinu á því hvort ríkisaðstoð til uppbyggingar á hefðbundnu breiðbandi telst samrýmanleg gildandi reglum. Eftirlitsstofnunar EFTA lítur svo á að þessi skipting hafi enn gildi þegar að því kemur að meta hvort ríkisaðstoð vegna næstu kynslóðar aðgangskerfa er samrýmanleg gildandi reglum með vísan til stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en nauðsynlegt sé að skerpa skilgreininguna á henni með hliðsjón af sérstökum eiginleikum næstu kynslóðar aðgangskerfa.
- 64) Hér er rétt að hafa í huga að til lengri tíma litið er talið að næstu kynslóðar aðgangskerfi muni taka við af hefðbundnum breiðbandskerfum sem nú eru í rekstri. Með því að næstu kynslóðar aðgangskerfi eru byggð upp á annan hátt en hin eldri og gera það kleift að bæta breiðbandsþjónustu verulega frá því sem nú er og bjóða þjónustu sem ekki er unnt að veita á núverandi breiðbandskerfum er sennilegt að í framtíðinni verði umtalsverður munur á svæðum eftir því hvort þeim er þjónað með næstu kynslóðar aðgangskerfum eða ekki ⁽⁶⁵⁾.
- 65) Sem stendur eru sum hinna fullkomnari meðal hefðbundnu breiðbandskerfanna (til að mynda ADSL 2+ ⁽⁶⁶⁾) nógu öflug til að þau nýtist, að nokkru leyti, til að veita sumar tegundir breiðbandsþjónustu sem líklegt má telja að verði boðnar á næstu kynslóðar aðgangskerfum innan tíðar (t.d. hefðbundna samsetningu síma-, net- og sjónvarpsþjónustu). Hins vegar ber að geta þess, með fyrirvara um hugsanlega fyrirframstýringu, að komið getur fram ný vara eða þjónusta sem er ekki staðkvæmdarvara frá bæði eftirspurnar- og framboðssjónarmiði og gerir það nauðsynlegt að auka flutningshraða breiðbands umfram það sem er fræðilega gerlegt í hefðbundnum breiðbandskerfum.
- 66) Þegar kemur að mati á ríkisaðstoð vegna næstu kynslóðar aðgangskerfa ber því að fara með svæði, þar sem slík netkerfi er ekki að finna enn sem komið er og ólíklegt er að einkafjárfestar byggji slík kerfi upp og komi þeim að fullu í notkun á næstu árum, sem „hvít svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa“ ⁽⁶⁷⁾. Í þessu samhengi ber að skilja orðin „á næstu árum“ sem tilvísun til þriggja ára tímabils ⁽⁶⁸⁾. Stjórnvöld þurfa að hafa heimild til afskipta, við sérstök skilyrði, til þess að bregðast við vandkvæðum sem tengjast samstöðu þjóðfélagsþópa, byggðapróun eða markaðsbrestri, þegar unnt er að sýna fram á að einkafjárfestar hafi ekki í hyggju að koma upp næstu kynslóðar aðgangskerfum á næstu þremur árum. Fjárfestingaráform einkafjárfesta þurfa að vera með þeim hætti að tryggt sé að útbreiðsla aukist að minnsta kosti markvert á þessum þremur árum og að fyrirhuguðum fjárfestingum ljúki innan hæfilega langs tíma þar á eftir (að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á hverju svæði og í hverju verkefni). Ekki er rétt að ætla lengri tíma til framkvæmdarinnar vegna hættunnar á að byggðir, sem er ekki þjónað sem skyldi, beri skarðan hlut frá borði í samanburði við aðra landshluta sem hafa fullnægjandi aðgang að slíkum fullkomnum breiðbandskerfum. Stjórnvöld geta gert það að skilyrði að lögð sé fram bæði viðskiptaáætlun og ítarleg áætlun um tilhögun uppbyggingarinnar, auk staðfestingar á fullnægjandi fjármögnun eða annarra gagna sem geta sýnt fram á að fjárfestingaráform kerfisrekenda í einkaeigu séu trúverðug og líkleg til árangurs.

⁽⁶³⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 157/06 – Bretland, „*South Yorkshire Digital Region Broadband Project*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 201/06 – Grikkland, „*Broadband access development in underserved territories*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 131/05 – Bretland, „*FibreSpeed Broadband Project Wales*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 284/05 – Írland, „*Regional Broadband Programme: Metropolitan Area Networks (“MANs”), phases II and III*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 381/04 – Frakkland, „*Projet de réseau de télécommunications haut débit des Pyrénées-Atlantiques*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 382/05 – Frakkland, „*Mise en place d’une infrastructure haut débit sur le territoire de la région Limousin (DORSAL)*“, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 57/05 – Bretland, „*Regional Innovative Broadband Support in Wales*“ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 14/08 – Bretland, „*Broadband in Scotland – Extending Broadband Reach*“.

⁽⁶⁴⁾ Þetta er með þeim fyrirvara að ákvæði kaflans um landsbundna byggðaaðstoð geta hugsanlega átt við um þessa aðstoð eins og nefnt er í 31. mgr. hér á undan.

⁽⁶⁵⁾ Rétt eins og nú er litið svo á að munurinn á svæði þar sem einu nettengingarnar eru mjóbandstengingar (upphringisamband) og svæði með breiðbandstengingu þýði að fyrrnefnda svæðið sé hvítt svæði ber einnig að telja svæði hvítt ef það skortir grunnkerfi fyrir næstu kynslóðar breiðband, enda þótt fyrir sé grunnkerfi fyrir hefðbundið breiðband.

⁽⁶⁶⁾ Með ADSL 2+ eykst hámarksflutningsgeta hefðbundins ADSL-kerfis í 24 Mb/s.

⁽⁶⁷⁾ Hvítt svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa getur verið svæði þar sem ekkert grunnkerfi fyrir hefðbundið breiðband er að finna (hefðbundin hvít svæði) eða nokkrar hefðbundnar breiðbandsveitur eru starfandi (þ.e. hefðbundið svart svæði), svo og svæði þar sem aðeins er starfandi ein hefðbundin breiðbandsveita (þ.e. hefðbundið grátt svæði) eða nokkrar hefðbundnar breiðbandsveitur (þ.e. hefðbundið svart svæði). Eins og fram kemur í undirkafli 3.4 er mismunandi hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að ríkisaðstoð til breiðbandsuppyggingar teljist samrýmanleg gildandi reglum við þessar mismunandi aðstæður.

⁽⁶⁸⁾ Það er sá tími sem virðist nauðsynlegur að meðaltali til að koma upp næstu kynslóðar aðgangskerfi í heilu bjarfjélagi eða borg. Í þessu tilliti þarf kerfisrekandi að geta sýnt fram á að á að hann hefði á eftirfarandi þriggja ára tímabili ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar í grunnkerfinu til að geta á þeim tíma byggt það upp þannig að það næði til verulegs hluta svæðisins og íbúa þess.

- 67) Á sama hátt ber að telja svæði „grátt svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa“ ef þannig stendur á að aðeins eitt næstu kynslóðar aðgangskerfi er fyrir hendi eða verður í uppbyggingu á næstu þremur árum, og enginn kerfisrekandi hefur áform um að byggja upp slíkt kerfi á þeim tíma⁽⁶⁹⁾. Við mat á því hvort aðrir fjárfestar í netkerfum gætu komið upp nýjum næstu kynslóðar aðgangskerfum á tilteknu svæði ber að hafa hliðsjón af reglugerðar- og lagaákvæðum sem kunna að hafa verið sett til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir slíkri uppbyggingu (með því að mæla fyrir um aðgang að stökkum og að kerfisrekendur heimili afnot af grunnkerfum sínum o.s.frv.).
- 68) Ef fleiri en eitt næstu kynslóðar aðgangskerfi eru fyrir hendi á tilteknu svæði, eða verða í uppbyggingu þar á næstu þremur árum, ber að meginstefnu til að telja slíkt svæði „svart svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa“⁽⁷⁰⁾.

3.4 Mat á því hvort aðstoð samrýmist gildandi reglum

- 69) Eins og nefnt er í 64. og 65. mgr. verður einnig horft til þess, enda þótt veita megi miklu fullkomnari þjónustu með næstu kynslóðar aðgangskerfum en með hefðbundnum breiðbandskerfum sem nýta koparþræði, hvaða áhrif ríkisaðstoð til uppbyggingar á næstu kynslóðar aðgangskerfi hefur á eldri breiðbandskerfi, þegar Eftirlitsstofnun EFTA metur hvort aðstoð af því tagi er samrýmanleg ríkisaðstoðarreglunum, með vísan til þess hversu mikil staðkvæmd virðist vera milli breiðbandsþjónustu sem nú er í boði ýmist á hefðbundnum breiðbandskerfum eða næstu kynslóðar aðgangskerfum. Í tengslum við mat á því hvort ríkisaðstoð til uppbyggingar næstu kynslóðar aðgangskerfa er samrýmanleg gildandi reglum mun Eftirlitsstofnun EFTA jafnframt beita jafnvægismati (sjá 33. mgr.). Í mati sínu á því hvort tilkynnt ráðstöfun er í samræmi við meðalhöf mun stofnunin einkum skoða hvort fullnægt sé skilyrðunum sem fjallað er um í 49. mgr. (nákvæm kortlagning og greining á útbreiðslu, opið útboð, hagkvæmasta tilboði tekið, hlutleysi að því er varðar tækniáferðir, notkun eldri grunnkerfa, fyrirmæli um óheftan heildsöluaðgang, verðákvörðun með samanburði og endurgreiðslukvaðir). Eftirtalin atriði skipta þó mestu í tengslum við mat á næstu kynslóðar aðgangskerfum.

3.4.1 Hvít svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa: stuðningur við uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa á svæðum sem er ekki þjónað sem skyldi

- 70) Á sama hátt og þegar um hefðbundna breiðbandsþjónustu er að ræða mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á, með fyrirvara um tiltekin skilyrði sem EFTA-ríkin verða að fullnægja (sjá 49. og 69. mgr.), að ráðstafanir séu samrýmanlegar ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins ef þeim er ætlað að styðja uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa á svæðum þar sem ekkert grunnkerfi fyrir breiðband er fyrir hendi eða á svæðum þar sem starfandi kerfisrekendur á sviði breiðbands telja óárðbært að byggja upp næstu kynslóðar aðgangskerfi.
- 71) Á hvítum svæðum næstu kynslóðar aðgangskerfa þar sem aðeins eitt hefðbundið breiðbandskerfi er rekið (hefðbundið grátt svæði) er heimild til aðstoðar til uppbyggingar næstu kynslóðar aðgangskerfa háð því að stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki sýni fram á i) að breiðbandsþjónusta á framangreindum netkerfum fullnægi ekki þörfum almennings og fyrirtækja á viðkomandi svæði (jafnvel þótt tekið sé tillit til hugsanlegrar endurnýjunar í framtíðinni) og að ii) ekki sé unnt að ná settum markmiðum með öðrum ráðstöfunum sem valdi minni samkeppnisröskun (svo sem fyrirframstýringu).

3.4.2 Grá svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa: þörf á ítarlegri greiningu

- 72) Á svæðum þar sem einn einkafjórðingur hefur þegar byggt upp næstu kynslóðar aðgangskerfi eða gerir það væntanlega á næstu þremur árum (sjá einnig 66. mgr.) og enginn einkafjórðingur hefur áform um að byggja upp annað næstu kynslóðar aðgangskerfi á þeim tíma verður Eftirlitsstofnun EFTA að inna af hendi ítarlegri greiningu til þess að sannreyna að opinber afskipti á slíkum svæðum geti talist samrýmanleg ríkisaðstoðarreglunum. Raunin er að á slíkum svæðum geti opinber afskipti valdið ruðningsáhrifum gagnvart þeim fjárfestum sem fyrir eru og raskað samkeppni.
- 73) Til þess að stofnunin geti úrskurðað að afskiptin séu samrýmanleg gildandi reglum verða stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að geta sýnt fram á það, annars vegar, að næstu kynslóðar aðgangskerfi, sem komið er í notkun eða er fyrirhugað, geti ekki eða muni ekki geta fullnægt þörfum almennings og fyrirtækja á viðkomandi svæðum og hins vegar að ekki sé unnt að ná settum markmiðum með öðrum ráðstöfunum sem valdi minni samkeppnisröskun (svo sem fyrirframstýringu). Þetta ítarlega mat Eftirlitsstofnunar EFTA lýtur einkum að eftirtöldum atriðum:
- hvort markaðsskilyrði eru ófullnægjandi í heild, meðal annars með tilliti til þess hversu hátt verð er tekið fyrir breiðbandsþjónustu í næstu kynslóðar aðgangskerfum sem stendur, hvaða þjónusta stendur heimilum og fyrirtækjum til boða, og með hvaða skilyrðum sú þjónusta er veitt, og hvort fyrir hendi sé, eða líklegt sé að myndist, eftirspurn eftir nýrri þjónustu sem ekki er unnt að veita í þeim næstu kynslóðar aðgangskerfum sem fyrir eru,
 - hvort svo háttar til, með hliðsjón af því að eftirlitsyfirvald í viðkomandi ríki hefur ekki beitt

⁽⁶⁹⁾ Grátt svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa getur verið svæði þar sem a) ekkert grunnkerfi fyrir hefðbundið breiðband er að finna jafnframt næstu kynslóðar aðgangskerfinu, b) eða svæði þar sem ein eða fleiri hefðbundnar breiðbandsveitur eru starfandi (en slíkt svæði getur talist hefðbundið grátt eða svart svæði). Eins og fram kemur í undirkafla 3.4 er mismunandi hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að ríkisaðstoð til breiðbandsuppbyggingar teljist samrýmanleg gildandi reglum við þessar mismunandi aðstæður.

⁽⁷⁰⁾ Svart svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa getur einnig verið svæði þar sem starfandi er ein breiðbandsveita (hefðbundið grátt svæði) eða fleiri (hefðbundið svart svæði). Eins og fram kemur hér á eftir er mismunandi hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að ríkisaðstoð til breiðbandsuppbyggingar teljist samrýmanleg gildandi reglum við þessar mismunandi aðstæður.

fyrirframstýringu, að greiður netaðgangur stendur þriðja aðila ekki til boða eða skilyrði fyrir slíkum aðgangi hamlar virkri samkeppni,

- c) hvort aðgangshindrunum er þannig háttáð í heild að þær hamli þátttöku annarra hugsanlegra fjárfesta í uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa,
- d) hvort næstu kynslóðar aðgangskerfið, sem fyrir er, hefur verið byggt upp grundvelli forgangs að eða notkunarréttar á stokkum sem aðrir kerfisrekendur geta ekki notað eða fengið aðgang að,
- e) hvort ráðstafanir lögbærs eftirlitsfirvalds eða samkeppnisfirvalda í landinu, eða úrbætur sem þau hafa fyrirskipað hjá starfandi kerfisrekanda, hafa ekki nægt til að leysa aðsteðjandi vanda.

3.4.3 Svört svæði næstu kynslóðar aðgangskerfa: afskipti hins opinbera óþörf

- 74) Á svæðum þar sem starfrækt eru fleiri en eitt næstu kynslóðar aðgangskerfi, eða þar sem vænta má að einkafjárfestar byggja upp slík kerfi í samkeppni við þau sem fyrir eru, lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að ríkisaðstoð til að byggja upp enn eitt slíkt kerfi með opinberum styrkjum muni að öllum líkindum valda mikilli samkeppnisröskun og sé því ósamrýmanleg ríkisaðstoðarreglunum.

3.4.4 Sértilvik svartra svæða (hefðbundinna) breiðbandskerfa: nokkur frekari varúðarskiilyrði

- 75) Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að hefðbundin svört svæði, þ.e. svæði þar sem breiðbandsþjónusta er sem stendur veitt á samkeppnisgrundvelli á mismunandi grunnkerfum (xDSL og kapaldreifikerfum), séu svæði þar sem telja má að starfandi kerfisrekendur hafi hvata til að byggja upp, í stað núverandi hefðbundinna breiðbandskerfa, næstu kynslóðar aðgangskerfi með afar miklum flutningshraða og flytja viðskiptavinum sína yfir á þau. Á slíkum svæðum ætti strangt til tekið ekki að vera nein þörf á frekari ríkisafskiptum.
- 76) Stjórnvöld í EFTA-riki geta þó andmælt þessari niðurstöðu með því að sýna fram á að starfandi kerfisrekendur á sviði hefðbundins breiðbands áformi ekki fjárfestingar í næstu kynslóðar aðgangskerfum á næstu þremur árum, til að mynda með því að leiða í ljós að núverandi eigendur grunnkerfa hafi með fjárfestingum sínum undanfarin ár ekki sýnt fullnægjandi viðleitni til þess að endurnýja breiðbandskerfi sín í því skyni að mæta kröfum notenda um meiri flutningshraða. Í slíkum tilvikum getur stuðningur ríkisins við uppbyggingu næstu kynslóðar aðgangskerfa gefið tilefni til ítarlegrar greiningar af því tagi sem fjallað er um í 73. mgr., og yrði þá að fullnægja skilyrðunum sem lýst er nánar í undirkafla 3.4.5.

3.4.5 Útfærsla ráðstöfunarinnar og þörfin á að hamlar gegn samkeppnisröskun

- 77) Sams konar stefnumörkun gildir eins og þegar um uppbyggingu hefðbundinna breiðbandskerfa er að ræða, þ.e. ríkisaðstoð til uppbyggingar á næstu kynslóðar aðgangskerfum getur talist viðeigandi og réttmætt stjórnæki að því tilskildu að nokkrum grundvallarskiilyrðum sé fullnægt. Að frátöldum hvítum svæðum næstu kynslóðar aðgangskerfa, sem eru einnig hvít svæði með tilliti til hefðbundins breiðbands (en þar þarf engin frekari skilyrði að setja), lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að auk varúðarskiilyrðanna, sem fjallað er um í undirkafla 2.3.3 og þá einkum 49. mgr. (nákvæm kortlagning og greining á útbreiðslu, opið útboð, hagkvæmasta tilboði tekið, hlutleysi að því er varðar tækniaðferðir, notkun eldri grunnkerfa, fyrirmæli um óheftan heildsöluáðgang, verðákvörðun með samanburði og endurgreiðslukvaðir), þurfi einnig að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
 - Móttakanda opinberrar aðstoðar skal gert að veita þriðja aðila greiðan heildsöluáðgang að kerfinu um að minnsta kosti sjö ára skeið. Nánar tiltekið verður aðgangskvöðin einnig að taka til afnotaréttar af stokkum og tengiskápum til þess að veita þriðji aðila aðgang að grunnkerfinu, en ekki aðeins rekstrarþáttum þess. Þetta gildir með fyrirvara um sambærilegar stjórnsýslukvaðir sem eftirlitsfirvöld kunna að beita á viðkomandi markaði í því skyni að ýta undir virka samkeppni, svo og ráðstafanir sem gerðar eru eftir að ofangreindu tímabili lýkur ⁽⁷¹⁾. Kvöð um „óheftan aðgang“ skiptir þeim mun meira máli sem bregðast þarf við tímabundinni staðkvæmd milli þjónustu, sem starfandi kerfisrekendur ADSL-kerfa bjóða, og þjónustu sem vænta má að kerfisrekendur næstu kynslóðar aðgangskerfa bjóði í framtíðinni. Með kvöð um óheftan aðgang má tryggja að ADSL-netveitur geti flutt viðskiptavinum sína á næstu kynslóðar aðgangskerfi um leið og niðurgreitt kerfi er komið upp og hafið þannig að skipuleggja fjárfestingar sínar án þess að samkeppnisstöðu þeirra hraki umtalsvert.
 - Stjórnvöldum í EFTA-rikjunum ber jafnframt að hafa samráð við eftirlitsfirvöld í viðkomandi ríki um skilyrði sem sett eru fyrir heildsöluáðgangi að netkerfum. Þess er vænst að eftirlitsfirvöld haldi á næstu árum annaðhvort áfram þeirri stefnu að beita fyrirframstýringu eða fylgist grannt með samkeppnisskiilyrðum á breiðbandsmarkaðnum í heild og beiti þar sem við á úrræðunum sem kveðið er á um í gildandi regluramma. Með því að kveða á um að skilyrði fyrir aðgangi skuli lúta samþykki eða ákvörðun eftirlitsfirvalda í samræmi við gildandi EES-reglur geta stjórnvöld í EFTA-rikjunum þannig tryggt að á öllum breiðbandsörkuðum, sem viðkomandi eftirlitsfirvöld hafa afmarkað, ríki að minnsta kosti mjög svipuð aðgangsskiilyrði, ef ekki nákvæmlega hin sömu.

⁽⁷¹⁾ Í þessu tilliti verður að lita til þess hvort þær sérstöku markaðsaðstæður séu enn fyrir hendi sem voru upphaflega tilefni til að veita aðstoð vegna viðkomandi grunnkerfis.

- Við þetta bætist að hveirrar gerðar sem næstu kynslóðar aðgangskerfið er, sem ríkisaðstoðin beinist að, verður að vera unnt að viðhafa virka og fulla aðgreiningu einstakra tegunda þjónustu, og neitveitur verða að geta fengið þann aðgang að netinu sem þær óska (meðal annars, en ekki eingöngu, aðgang að stokkum, ljósþráðum og bitastreymi). Í þessu tilliti er ástæða til að nefna að ef notast er við „fjölþráðakerfi“ (en. *multiple fibre*) hafa þeir, sem nýta sér aðgang að því, fullt svigrúm til að bjóða breiðbandsþjónustu með miklum flutningshraða og þannig er stuðlað að raunhæfri samkeppni til frambúðar. Þá gefa næstu kynslóðar aðgangskerfi, sem byggjast á fjölþráðatækni, bæði kost á tengingum milli tveggja faststöðva og fjöldreiftengingum (frá einni faststöð til margra) og eru því hlutlaus með tilliti til tæknilausna.

4 Lokaákvæði

- 78) Ákvæði kaflans, sem hér birtist, gilda frá fyrsta degi eftir að þau eru samþykkt.
- 79) Eftirlitsstofnun EFTA hyggst endurskoða þennan kafla í samræmi við endurskoðun sem á sér stað síðar á samsvarandi orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeinandi Bandalagsreglur um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6381 – Google/Motorola Mobility)

2011/EES/66/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Google Inc. („Google“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Motorola Mobility Holdings, Inc. („Motorola Mobility“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Google: leit á Internetinu og netauglýsingar, svo og ýmiss konar önnur þjónusta og hugbúnaður sem tengist Netinu, m.a. Android, opna stýrikerfið fyrir farsíma
 - Motorola Mobility: farsímar og -búnaður, sjónvarpsmyndlyklar, myndbandslausnir frá einum notanda til annars og aðgangslausnir fyrir breiðbandskapalckerfi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 356, 6. desember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6381 – Google/Motorola Mobility, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6402 – Rewe/SAG/JV)

2011/EES/66/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurrísku fyrirtækin Rewe International Dienstleistungsgesellschaft m.b.H. („Rewe“), dótturfélag Rewe International AG, og Salzburg AG für Energie, Verkehr und Telekommunikation („SAG“) öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Rewe: smásala og heildsala á matvöru, smásala á lyfjum, ferðaskrifstofa og -samtök
 - SAG: rafmagn, gas, fjarhitun, vatn, flutningastarfsemi, fjarskipti, kapalsjónvarp, Internet og símaþjónusta í Salzburgar-héraði
 - JV: útleiga á rafknúnum ökutækjum í Salzburg
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 356, 6. desember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6402 – Rewe/SAG/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2011/EES/66/04****(mál COMP/M.6421 – Daimler/Europcar/car2go Europe JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. nóvember 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Europcar Groupe S.A. („Europcar“) og hið þýska car2go GmbH („car2go“), dótturfélag þýska fyrirtækisins Daimler AG, öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu car2go Europe GmbH („car2go Europe“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Europcar: bílaleiguþjónusta í löndum á Evrópska efnahagssvæðinu og um heim allan. Europcar tilheyrir Eurazeo, frönsku fjárfestingarfélagi sem er skráð á markað og fjárfestir í félögum sem stunda margvíslega starfsemi, t.d. á sviði hótellekstrar, leigu á textílvörum eða fasteignaviðskipta
 - car2go: stofnað til að annast tilraunaverkefni um skammtímaleigu bifreiða og til að koma slíkum viðskiptum á laggirnar síðar fyrir Daimler um heim allan. Daimler framleiðir fólksbifreiðar og atvinnubifreiðar um heim allan
 - car2go Europe: skammtímaleiga á bílum í fjölda borga og stórborga á Evrópska efnahagssvæðinu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 357, 7. desember 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6421 – Daimler/Europcar/car2go Europe JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/05**
(mál COMP/M.6319 – Triton/Europart)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. september 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6319. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/06**
(mál COMP/M.6323 – Tech Data Europe/MuM VAD Business)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. október 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6323. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/07**
(mál COMP/M.6331 – KKR/Silver Lake/Go Daddy Group)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. október 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6331. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/08**
(mál COMP/M.6348 – Arla Foods/Allgäuland)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 7. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6348. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/09**
(mál COMP/M.6361 – ZF/Hansen)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 30. september 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6361. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/10**
(mál COMP/M.6378 – C1000/SDB Supermarket)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6378. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/11**
(mál COMP/M.6383 – Cargill/KoroFrance)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6383. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/12**
(mál COMP/M.6388 – Ecolab/Nalco Holding Company)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 8. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6388. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/13**
(mál COMP/M.6394 – Gilde/Eismann)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 28. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6394. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/14**
(mál COMP/M.6395 – Etex/Lafarge Gypsum Assets)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. október 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6395. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/15**
(mál COMP/M.6404 – Hochtief Solutions/Ventizz/JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6404. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/16**
(mál COMP/M.6420 – Dong Energy/Shell Gas Direct)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6420. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2011/EES/66/17**
(mál COMP/M.6423 – Carlyle/H&F/Pharmaceutical Product Development)

Framkvæmdastjómin ákvað hinn 25. nóvember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6423. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.